



SÓFAR TAX FREE

Allir sófar á
taxfree tilboði*



PETRI

Fallegur sófi sem fæst 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu sléttflaueli. Kaldpressaður svampur og mini-gormar í þægilegu sæti. Í baki og hliðum eru þægilegar púðapullur. Sófinn hefur sterka, svarta viðarfætur. Retró útlit og nútímabægindi. 43 cm sethæð.

2,5 sæta, stærð: 210 x 100 x 78 cm

3ja sæta, stærð: 242 x 100 x 78 cm

173.378 kr. ~~214.990 kr.~~

185.476 kr. ~~229.990 kr.~~

*Taxfree tilboðið gildir af öllum sófum nema sérpöntunum og jafngildir 19,35% afslætti. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík
Bíldshöfði 20

Akureyri
Dalsbraut 1

Ísafirði
Skeiði 1

HÚSGAGNA
HÖLLIN

**SÓFAR
TAXFREE**
ALLIR SÓFAR Á TAXFREE AFLSÆTTI



EDE

Ede húsgagnalínan hefur heldur betur slegið í gegn enda vandaðar vörur á góðu verði. Set- og bakpullur eru þéttar, mjög þykkar og þægilegar. Fætur eru úr bogadregnu, svörtu járn. Glæsileg, tímalaus hönnun. Ede-línan er fánæg í koníaksbrúnu bonded leðri, gráu sléttflueli og dökkgráu áklæði. Til eru 2,5 og 3ja sæta sófar, skammel og hægindastólar. Ekki eru allar gerðir ávallt lagervara þannig að leitið upplýsinga hjá starfsfólki okkar eða í netverslun.

2,5 sæta, leður: 185 x 95 x 82 cm
129.024 kr. ~~159.990 kr.~~

3ja sæta, leður: 205 x 95 x 82 cm
137.089 kr. ~~169.990 kr.~~

Skammel, leður: 163 x 60 x 86 cm
48.379 kr. ~~59.990 kr.~~

Stóll í bonded leðri: 93 x 95 x 82 cm
88.702 kr. ~~109.990 kr.~~



MURCIA

Murcia hornsófi er veglegur sófi í slitsterku áklæði sem er mjög mjúkt viðkomu. Fæst hægrri eða vinstri (horn færast ekki). Bak er fremur lágt en þykkt og þægilegt eins og setan. Saumarnir gefa sérstakt útlit — sama gildir um lögun svartra járnfóta. Stærð: 276 x 210 x 77 cm

233.863 kr.
~~289.990 kr.~~



MARENO

Mjög flottur hornsófi og skammel í Eros Plum, dumbrauðu áklæði. Hægrri eða vinstri tunga. Háir, grannir en sterkir fætur.

Sófi, stærð: 266 x 225 x 86 cm
233.863 kr. ~~289.990 kr.~~

Skammel stærð: 80 x 80 x 42 cm
48.379 kr. ~~59.990 kr.~~



ALTONBURY

Sérlega flottur svefnsófi úr dökkbrúnu PU-leðri. Útdreginn er hann með gott svefnsvæði fyrir tvo. Stærð: 208 x 94 x 91,5 cm

225.798 kr. ~~279.990 kr.~~



JUNA

Fallegur og nettur svefnsófi. Kemur í þremur litum í áklæði. Bleiku, gráu eða turkis bláu. Auðveldur í notkun. Stærð: 201 x 97 x 88 cm



137.089 kr. ~~169.990 kr.~~

Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga
www.husgagnahollin.is 558 1100

Ísafjörður
Skeiði 1

Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru. Gildir til 18. október eða á meðan birgðir endast.



**HÚSGAGNA
HÖLLIN**



Haustlitirnir eru byrjaðir að setja mark sitt á Elliðaárdalinn. Í dag er spáð bjartviðri og sjö stiga hita. Tilvalið er að ganga um borgina og virða fyrir sér litadýrðina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Foreldrar eigi jafna þátttöku

STJÓRN MÁL „Núna er verið að stíga skref, byggt á rannsóknum, enn frekar í þá átt að tryggja að fedur taki frekar þátt í fyrstu vikum og mánuðum í lífi barnsins.“

Þetta segir Ásmundur Einar, félags- og barnamálaráðherra, um fyrirhugað frumvarp sitt um breytingar á lögum um fæðingarorlof.



Ásmundur Einar Daðason

„Eyrnamerkingin er til að þvinga okkur fedurna til að taka fæðingarorlof, því reynslan hefur sýnt að annars er það ekki gert.“ – ab / sjá síðu 4

Katrínu er best treyst

Forsætisráðherra nýtur mests trausts allra ráðherra samkvæmt nýrri könnun. Traust til heilbrigðisráðherra eykst. Traust til menntamálaráðherra dalar.

STJÓRN MÁL Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra nýtur mests trausts ráðherra samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir framkvæmdu fyrir Fréttablaðið. Alls treysta 18,5 prósent henni betur en öðrum ráðherrum. Næst á eftir henni koma Bjarni Benediktsson með 10,8 prósent og Lilja Alfreðsdóttir með 10,7 prósent. Traust til Lilju hefur þannig dalað nokkuð milli ára, en í sambærilegri könnun Fréttablaðsins í fyrra naut hún mests trausts allra ráðherra.

Þá hefur Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, rétt úr kútnum frá



Eva H. Önnudóttir

síðustu könnun og Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra sömuleiðis.

„Hér getur sýnileiki ráðherra, þar sem þeir þykja standa sig vel, skipt máli. Þær Svandís og Katrín hafa verið mjög sýnilegar út af COVID, ásamt Bjarna að

sjálfsögðu,“ segir Eva H. Önnudóttir, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, aðspurð um breytingar frá síðustu könnun. „Lilja Alfreðsdóttir var mjög sýnileg fyrir ári, sérstaklega í kjölfar Klausturmálsins, og það gæti hafa aflað henni „fylgis“ þegar spurt var um hverjum væri best treystandi í þeirri könnun,“ bætir Eva við.

Bjarni Benediktsson er oftast nefndur þegar spurt er hvaða ráðherra njóti minnst trausts. Næstflestir nefna Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. – að / sjá síðu 6

Grunur um að eignir dugi ekki

VIÐSKIPTI Rökstuddur grunur er um að slóvakíska tryggingafélagið NOVIS, sem er með fleiri en fimm þúsund viðskiptavini á Íslandi og fær um 160 milljóna króna iðgjöld frá Íslandi í hverjum mánuði, hafi ekki fjárfest iðgjöld viðskiptavina sinna með fullnægjandi hætti. Gerðar hafa verið athugasemdir við sölu á tryggingaafurðum félagsins, bæði á Íslandi og í Slóvakíu, og ungerska fjármálaeftirlitið lagði tímabundið bann við nýsölu á vissum afurðum árið 2018.

Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlitsins segir að stofnunin hafi haft viðvarandi eftirlit með starfsemi íslenskra váttryggingarmiðlara, en heimildir til að gripa inn í starfsemi slóvakíska fyrirtækisins hér á landi séu takmarkaðar.

– þfh / sjá síðu 8



www.volkswagen.is/id3


Nýr rafmagnaður ID.3
Verið velkomin í reynsluakstur



#NúGeturPú

Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · HEKLA

Veður



Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og bjart með köflum en suðaustan 5-13 m/s suðvestanlands og stöku skúrir. Hiti 3 til 8 stig að deginum.

SJÁ SIÐU 22



Náðhúsinu var komið fyrir þann 18. maí en leyfið veitt 22. september.

Salerni sett upp við Esju án leyfa

REYKJAVÍK Nýju salernishúsi var komið fyrir við Esjuna í maí síðastliðnum, þrátt fyrir að ekki hafi verið sótt um leyfi til að koma húsinu fyrir fyrr en þann 8. september. Málinu var þá frestað og leyfi ekki veitt frá byggingarfulltrúa fyrr en 22. september síðastliðinn.

➤ Áætlaður kostnaður við verkið er 35 til 40 milljónir króna.

Í frétt á vef borgarinnar þann 18. maí er sagt frá því að salernin séu komin upp og að næstu daga verði húsið tengt við lagnir og gengið frá umhverfi þess. Mögulegt verði að opna aðstöðuna almenningi í mánuðinum á eftir, það er í júní. Áætlaður kostnaður við verkið í heild er 35-40 milljónir króna.

Í svari borgarinnar við fyrirspurn Fréttablaðsins um málið segir að salernin hafi ekki enn verið tekin í notkun. Salernishúsið sé staðsett á svæði sem skilgreint sé fyrir þjónustu vegna útivistar og sé sett upp í samræmi við það. „Í samráði við skipulagsfulltrúa [var] ákveðið að gera sérstakt deiliskipulag fyrir svæðið og þar er lóðin fyrir almenningssalerni sérstaklega afmörkuð. Afmörkuð lóð leiðir til þess að farin er formleg leið með byggingarleyfi og tilheyrandi úttektum,“ segir í svarinu. – b dj

Sælkerar við sólarlag



Öngþveiti myndaðist við bakka Lækjarins í Hafnarfirði í gærkvöldi þegar endur og áltir kepptust um bestu bitana sem þessi gjafmildu börn buðu upp á. Í blíðviðri sem þessu er kjörin hugmynd að heimsækja þessa fjöruðu félag og gefa þeim korn og fræ í gogginn. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR



Egilsstaðir er stærsta byggðarlag Múlaþings. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Meirihluti á Austurlandi

AUSTURLAND Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn undirrituðu samkomulag um meirihlutasamstarf í nýju sveitarfélagi á Austurlandi, sem mun fá nafnið Múlaþing. Fengu flokkarnir samantlagt 6 af 11 fulltrúum í sveitarstjórnarkosningum sem fóru fram 19. september.

Hvorki Stefán Bogi Sveinsson né Gauti Jóhannesson, oddvitar framboðanna, munu verða sveitarstjórar heldur verður samið við Björn Ingimarsson, núverandi sveitarstjóra Fljótsdalsþéna, um að verða fyrsti sveitarstjóri Múlaþings. – khg

Sendiherra leitar að bjargvættum sínum

Norski sendiherrann á Íslandi leitar að tveimur konum sem komu henni til bjargar eftir alvarlegt slys í Heiðmörk. Hún datt á hlaupum og handleggs- og fótbrotnaði. Vegna kvala náði hún ekki að þakka konunum á staðnum.

SAMFÉLAG „Þær björguðu mér,“ segir norski sendiherrann Aud Lise Norheim, um tvær konur sem komu henni til aðstoðar eftir alvarlegt slys í Heiðmörk. Hún leitar nú að þeim til að geta þakkað þeim fyrir, því hún var ekki í ástandi til að gera það á vettvangi.

Aud var að hlaupa með eiginmanni sínum miðvikudaginn 23. september þegar slysið varð, um klukkan 18. Hann fór aðra leið og ætluðu þau að mætast á ákveðnum stað. En Aud hrasaði um rót eða stein, með þeim afleiðingum að hún féll harkalega og bæði fótleggs- og handleggsbrotnaði hægra megin. Lá hún ein og bjargarlaus í kannski korter, en hún segist hafa misst tímaskynið.

„Ég sá tvær konur koma og þær studdu mig að bílnum sínum og keyrðu með mig á brádamóttöku spítalans í Fossvogi,“ segir Aud. Á þessum tíma hafi hún ekki áttá sig á hversu alvarlega slösuð hún var, en það hafi þó verið mjög sársaukafullt að komast að bílnum. „Ég var með meiri verki í handleggnum en fætinum og einbeitti mér að þeim sársauka.“

Aud náði ekki nöfnum kvennanna og átti í raun í erfiðleikum með að átta sig á nokkrum sköpuðum hlut, svo kvalin var hún. Hún man þó að þær voru á fertugs- eða fimmtugsaldri og í rauðum hlaupafötum með merki, sem gæti bent til þess að þær hafi verið í einhverjum hlaupahóp eða -liði. Billinn sem þær keyrðu hana á var ljósleit eða grá Kia.

Daginn eftir slysið fór Aud í aðgerð vegna beinbrotnanna og býst hún við því að verða útskrifuð af



Aud Lise losnar bráðlega af spítala og hefur endurhæfingu. MYND/ADSEND

Ég veit ekki hvað hefði gerst ef þær hefðu ekki fundið mig.

Aud Lise Norheim, sendiherra

spítalanum bráðlega. Fer hún þá í endurhæfingu, áður en hún getur snúið aftur heim.

„Mig langar til að finna þessar konur og þakka þeim,“ segir Aud.

„Ég gat ekki gert það á staðnum því að ég gat ekki hugsað um neitt annað en að komast á spítalann. Ég veit ekki hvað hefði gerst ef þær hefðu ekki fundið mig.“

Vonast Aud til þess að þær hafi samband og segir að auðveldast sé að gera það í gegnum norska sendiráðið, sem staðsett er að Fjölugötu 17 í Þingholtunum. Símanúmerið þar er 520-0700.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Frödinge
SMÁLAND 1929

Sýndsamlega góð kaka með engri fyrirhöfn!

Kladdkaka



STILLANLEG RÚM

20-35% AFSLÁTTUR



VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ

296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 90X210



Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.



Kári Orrason í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Deilt um hvort mótmæli hafi verið friðsöm

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Kára Orrasonar, 22 ára Reykvikings, fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Kára er gefið að sök að hafa óhlýðnast fyrir mælum lögreglu í anddyri dómsmálaráðuneytisins í apríl í fyrra, er hann tók þátt í mótmælum samtakanna No Borders, sem kröfðust fundar með ráðherra um málefni hælisleitenda.

Tekist var á milli verjanda og fulltrúa ákærvalds um hvort mótmælin gætu talist friðsöm eða ekki, notuðu mótmælendur trommur en beittu ekki ofbeldi. Þá greindi þá einnig á um hvort Kári hefði haft tækifæri til að bregðast við fyrir mælum lögreglu fyrir handtöku.

Helgi Þorsteinsson, verjandi Kára, sagði að lögregla hefði verið með það að markmiði að „kenna þeim lexíu“, þar sem önnur úrræði hefðu staðið þeim til boða en að handtaka mótmælendurna.

Þá sagði stjórnandi á vettvangi að hópurinn hefði mótmælt á sama hátt nokkra daga á undan, í þetta skiptið hefði verið ákveðið að handtaka og ákæra þá sem færu ekki eftir fyrir mælum. Dómari stöðvaði spurningar sem sneru að því hvaða ákvarðanir hefðu verið teknar fyrir handtökurnar.

Sjö lögreglumenn báru vitni og voru sammála um að mótmælendurnir, sem sátu á gólfí anddyrisins með hendur hlekkjadar saman, hefðu ítrekað verið beðnir um að fara. „Þetta var margitrekað eins og alltaf. Ég hef verið sakadur um að vera eins og biluð grammófónplata,“ sagði stjórnandi á vettvangi.

Vitni verjanda, sem var í anddyrinu til að sýna samstöðu með mótmælunum, sagði að lögreglumenn hefðu verið fullir af heift.

Kári neitaði sök og sagði að hann og aðrir mótmælendur hefðu verið beðnir um að fara, en lögregla beðin um að útskýra fyrir mælin á ensku. Þá hefði ekki gefist mikill tími til að fara eftir fyrir mælunum.

Farið er fram á að Kári greiði 10 þúsund króna sekt, verjandi segir að verði Kári dæmdur sekur séu þeir fimm klukkutímar sem hann var í haldi lögreglu næg refsing. – ab

Þurfa nýjan bíl til að halda Frú Ragnheiði gangandi

HEILBRIGÐISMÁL Fjáröflun fyrir nýjum bíl Frú Ragnheiðar, skaðaminnkunarverkefnis Rauða krossins, hófst í dag og mun standa yfir í viku. Verkefnið fagnar ellefu ára afmæli 8. október.

Elisabet Brynjarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastýra, segir markmiðið að safna tíu milljónum króna, sem er kostnaðurinn við nýjan bíl. Núverandi bíll er orðinn úr sér genginn og er keyrður



Úrræðið Frú Ragnheiður fagnar ellefu ára afmæli í næstu viku.

rúmlega 340 þúsund kílómetra. Frú Ragnheiður er sérútbúinn bíll þar sem jaðarsettum einstaklingum er veitt heilbrigðisþjónusta og er óhætt að segja að verkefnið hafi stækkað töluvert síðastliðin ár. Í fyrra þjónustaði verkefnið til að mynda 519 einstaklinga.

Að sögn Elisabetar er billinn hjarta verkefnisins og mikið lagt upp úr því að halda þjónustunni óskertri. „Þess vegna skiptir það

svona miklu máli fyrir okkur að geta fengið þennan nýja bíl.“

„Þetta er sjálfbodaliðaverkefni og við leitum á náðir almennings til að aðstoða okkur,“ segir Elisabet.

Þeir sem vilja leggja söfnuninni lið geta sent skilaboðin TAKK í símanúmerið 1900 og lagt þar með 2.900 krónur til söfnunarinnar.

Frekari upplýsingar um söfnunina og starfsemi Frú Ragnheiðar má finna á frettabladid.is. – fbl

Tryggja að feður taki þátt

Skiptar skoðanir eru um frumvarp um breytingar á fæðingarorlofi. Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, segir mikilvægt að börn myndi tengsl við báða foreldra þegar þau eru sem yngst.

STJÓRNMÁL „Þegar feður hafa orðið afar og fara að passa barnabörnin, þá eru margir sem segjast hafa uppgötvad hvað þeir misstu af, að hafa ekki tekið meiri þátt í lífi barnanna þegar þau voru litil. Þessu vil ég breyta,“ segir Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra.

Í gær höfðu meira en hundrað umsagnir um fyrirhugað frumvarp hans um breytingar á lögum um fæðingarorlof borist inn í samráðsgátt stjórnvalda. Lögum um fæðingarorlof var breytt í fyrra, fær hvort foreldri um sig fjóra mánuði auk tveggja mánaða sameiginlega. Um áramótin, ef lögum verður ekki breytt, verða sameiginlegu mánuðirnir fjórir, alls 12 mánuðir. Með þessum lögum fær hvort foreldri sex mánuði, en heimilt verður að færa einn mánuð á milli.

Frumvarpið byggir á tillögum samstarfshóps sem skipaður var í fyrra til að vinna að heildarendurskoðun laga um fæðingar- og foreldraorlof. Í greinargerð segir að með breytingunum verði feður í sterkari stöðu gagnvart atvinnurekendum þegar kemur að nýtingu fæðingarorlofsréttar. Þá megi ætla að feður muni taka meiri þátt í umönnun barna sinna en ella. Fyrirkomulagið ryðji jafnframt úr vegi eldri viðhorfum um að faðirinn beri alfarið eða meginábyrgð á efnahag heimilisins með tekjuöflun sinni.

„Þegar fæðingarorlofslögin voru sett á fyrir 20 árum þótti asnalegt að feður tækju fæðingarorlof. Löggjöfin hefur alla tíð verið gerð, meðal annars, til að ná fram samfélagsbreytingum. Núna er verið að stíga skref, byggt á rannsóknum, enn frekar í þá átt að tryggja að feður taki frekar þátt í fyrstu vikum og mánuðum í lífi barnsins,“ segir Ásmundur Einar. „Þetta skiptir máli



Samkvæmt nýju frumvarpi Ásmundar Einars munu mæður og feður fá hvort um sig sex mánuði í fæðingarorlof. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Eyrnamerkingin er til að þvinga okkur feðurna til að taka fæðingarorlof, því reynslan hefur sýnt að annars er það ekki gert.

Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra



fyrir barnið, föðurinn og jafnrétti, til lengri tíma lítið. Eyrnamerkingin er til að þvinga okkur feðurna til að taka fæðingarorlof, því reynslan hefur sýnt að annars er það ekki gert.“

Í mörgum umsögunum er rætt um brjóstgjöf, en talað er um í leiðbeiningum frá Embætti landlæknis

að börn eigi að vera á brjósti fyrsta árið. Ásmundur Einar segir að þetta sé eitt af þeim atriðum sem þurfi að skoða. „Miðað við hvað nefndin leggur til, og við setjum í raun frumvarpið óbreytt inn í samráðsgátt stjórnvalda, þá teljum við að þetta eigi ekki að hafa neikvæð áhrif til atvinnuþátttöku, vegna þess að rannsóknir sýna að engin tengsl eru á milli lengdar brjóstgjafar og hvenær mæður fara aftur til vinnu,“ segir hann. „Frumvarpið er í samráðsgátt einmitt til að fá fram þessi sjónarmið, síðan tökum við pulsinn áður en það fer til þingsins.“

Snert er á mörgum atriðum í frumvarpinu, réttindi einstæðra foreldra eru aukin, í tilfellum þar sem annað foreldri er í nálgunarbanni og þegar börn eru ekki feðruð.

Einnig stendur til að stytta tímabil fæðingarorlofs úr 24 mánuðum niður í 18 mánuði og er miðað við að börn verði komin í dagvistun. Þó eru dæmi þess nú í haust að börn

fái ekki dagvistun fyrir tveggja ára aldur.

„Við gerum þetta á þeim grunni að það séu sem mest tengsl á fyrstu vikunum og mánuðunum, það er gríðarlega mikilvægt,“ segir Ásmundur Einar. „Það er breytilegt á milli sveitarfélaga hversu vel þeim hefur gengið að brúa bilið. Það hefur tekist í meirihluta sveitarfélaga, en það hefur reynst meiri áskorun hjá öðrum. Það er metnaður til þess, og við verðum að hvetja til þess að sveitarfélögin geri það.“

Ásmundur Einar segir ríkið hafa stigið myndarlega inn á þessu kjörtímabili hvað varðar fæðingarorlof. „Við erum búin að hækka og lengja greiðslur. Heildargreiðslur sem renna til fæðingarorlofs hafa hækkað í 10 milljarða á ári. Þegar allt er komið í gagnið hækka þær upp í 20 milljarða á ári. Það er ástæða til að hvetja sveitarfélög til þess að koma af metnaði inn í þetta verkefni líkt og ríkið.“

Miðflokkurinn hefur lýst yfir andstöðu við breytingarnar. Það hefur Vilhjálmur Arnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, einnig gert. Hefur hann talað um að lögin feli í sér forræðishyggju og skerði frelsi fjölskyldna.

Ásmundur Einar segir að því verði velt upp áður en frumvarpið verður lagt fram, hvort og með hvaða hætti verði hægt að koma til móts við sjónarmiðin sem komið hafa fram. „Ég á ekki von á því að hægt sé að samræma sjónarmið allra flokka á Alþingi. Sumir vilja hafa þetta algjörlega frjálst á meðan hér er bent á jafnréttissjónarmiðin og mikilvægi fedra. Það er tekið á mikilvægum málum í þessu frumvarpi og það yrði mikil synd ef það færi ekki í gegnum þingið, það verður hins vegar að koma í ljós.“

arib@frettabladid.is



ÍS BAND UMBOÐSAÐILI RAM Á ÍSLANDI

RAM 3500

VERÐ FRÁ 7.547.906 KR. ÁN VSK.
9.359.403 KR. M/VSK.

EIGUM FLESTAR GERÐIR TIL AFHENDINGAR STRAX

BJÓÐUM UPP Á
35" - 40" BREYTINGARPAKKA
FRÁ ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI ÍSBAND

BILL Á MYND RAM 3500 LARAMIE SPORT MEGACAB MEÐ 35" BREYTINGU

BAUHAUS®

30% afsláttur
 af Camargue Skärgärd
 baðinnréttingum og sturtubíljum
 Mv. almennt verð

Á VIÐ UM ALLAR VÖRUR SEM FINNA
 MÁ Í VÖRULISTANUM BAÐHERBERGIÐ OG VELLÍÐAN
 2020/2021

Komdu og skoðuðu úrval fallegra baðinnréttinga í nýjum og endurbættum sýningarsal okkar. Úrvalið hefur aldrei verið betra!

240.495.-

Camargue Visby baðkar
 Sérpöntunarvara. Fáanlegt í mörgum litum.
 Stærð: 160 X 75 X 60 cm

Komið við og fáið vörulista

hansgrohe

Kjarakaup
15.895.-
~~17.985.-~~

Mysport M handlaugartæki
 Krómað. Með botnloka með lyftitappa, PEX-slöngum og keramikstút. 5 ára vörubyrðing.

damixa

damixa
8.995.-

Space eldhústæki
 Krómað. Með lágum sveiflukrana, PEX-slöngum og keramikstút. 5 ára byrðing gegn leka.

Camargue

20.995.-

Bora eldhústæki
 Svart, mattað. Útdraganlegt. Sveigjanleg tengislanga fylgir. 5 ára ábyrgð.

59.995.-

Gunsteel eldhúsvaskur
 Niðurfellður stálvascur, með yfirborðishúðun. Í dökkum stállit, 1,2 mm stál. Hentar í 60 cm skáp. Stærð vask: 500 x 380 x 180 mm - Ráðius 10. Ytri mál: 540 x 500 mm. Blöndunartæki fylgja ekki.

damixa

Kjarakaup
49.995.-
~~59.995.-~~

Akita sturtusett
 Krómað sturtusett með blöndunartækjum, sturtuhaus og sturtuslöngu. Hægt að hæðarstilla.

27.695.-

Anholt sturtuhorn
 90 x 90 x 100 cm. Með 5 mm hertu öryggisgleri og állistum. Hægt að fella hurðirnar inn til að nýta plássio betur þegar sturtan er ekki í notkun. Hrímað gler..... 28.895.-

Hefur þú séð nýja BAUHAUS blaðið?

DURAVIT

Kjarakaup
44.995.-
~~54.995.-~~

Duravit Starck 3
 Veggfest salernisskál án skolbrúnar sem eykur hreinlæti og auðveldar þrif. Faldr festingar. Salernisseta með hæglokun og festingar fylgja

Formenn stjórnflokkanna styrkjast

Formaður Framsóknarflokksins réttir úr kútnum í nýrri könnun um traust til ráðherra. Heilbrigðisráðherra nýtur einnig meira trausts en í síðustu könnun. Menntamálaráðherra nýtur ekki sama yfirgnæfandi trausts og hún gerði í kjölfar Klausturmálsins í fyrra.

Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra nýtur yfirburðstrausts í samanburði við aðra ráðherra, samkvæmt nýrri könnun sem Zenter rannsóknir framkvæmdu fyrir Fréttablaðið. Fylgi við hana hefur þó ekki aukist frá síðustu könnun blaðsins um traust til ráðherra, sem gerð var í júní í fyrra, þegar hún naut fylgis 18,1 prósentis þáttakenda. Hún nýtur nú trausts 18,5 prósentis þeirra sem tóku þátt í könnuninni. Á eftir henni koma Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra með 10,8 prósent og Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, með 10,7 prósent.

Niðurstöðurnar eru nokkuð frábrugðnar síðustu könnun sem gerð var í júní í fyrra. Þá naut Lilja meistartrausts með 20,5 prósent. Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra hefur einnig rétt verulega úr kútnum en 7,2 prósent segjast bera mest traust til hennar, samanborið við 3 prósent í síðustu könnun.

Stuðningur við Katrínu kemur úr öllum áttum. Hún nýtur þó meira fylgis meðal kvenna en karla. Stuðningurinn er nokkuð jafn í öllum aldurshópum, þó mestur með þeirra yngstu og elstu. Traustið eykst einnig með auknu menntunargráðu, en fólk með háskólapróf er líklegast til að treysta henni best. Hún nýtur yfirburðastuðnings í eigin flokki, en 82 prósent kjósenda VG treysta henni best allra ráðherra. Kjósendur Viðreisnar nefna Katrínu líka oftast, eða í 30 prósentum tilvika, og fjórðungur kjósenda Samfylkingarinnar. Svandís er þó vinsælli meðal Samfylkingarfólks en 30 prósent þess treysta henni best. Stuðningur við Lilju meðal jafnaðarmanna hefur hins vegar dalað síðan í fyrra.


Líkt og í fyrra treysta flestir Sjálfstæðismenn Bjarna Benediktssyni, formanni flokksins, eða 51 prósent kjósenda flokksins. Katrín Jakobsdóttir nýtur hins vegar meira trausts meðal Sjálfstæðismanna en aðrir ráðherrar flokksins. Rúm 13 prósent Sjálfstæðismanna treysta henni best. Tæp 11 prósent þeirra treysta Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur best og 7,6 prósent nefndu Þórdísi Kolbrúnu R. Gylfadóttur. Innan við 4 prósent nefndu Guðlaug Þór Þórðarson og Kristján Þór Júlíusson.



Heimsfaraldurinn virðist hafa töluverð áhrif á traust til ráðherra en heilbrigðisráðherra nýtur nú meira trausts en áður.

FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

Hvaða ráðherra berð þú mest traust til? / Hvaða ráðherra berð þú minnst traust til?



Sjónmælingar eru okkar fag

Tímamantanir á opticalstudio.is
og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Vantraust mest í garð fjármálaráðherrans

Þegar spurt er hvaða ráðherra þáttakendur beri minnst traust til er Bjarni Benediktsson nefndur oftast allra ráðherra, eða í 25 prósentum tilvika. Hlutfallið er þó töluvert lægra en í fyrra, þegar tæp 35 prósent báru mest vantraust til hans. Vantraust til heilbrigðisráðherra hefur einnig minnkað umtalsvert, en hún naut næstmesta vantraustsins í fyrra. Í stað hennar er Kristján Þór Júlíusson nú næstoftast nefndur á eftir Bjarna. Í fyrra vantreystu 8,7 prósent Kristján mest, en tæp 19 prósent bera minnst traust til hans í dag.

Vantraust til Bjarna er mest meðal þeirra sem hafa lægstar tekjur, minnsta menntun og tilheyra yngsta aldurshópnum, en vantraustið til hans minnkar með hækkandi aldri þáttakenda. Konur vantreysta honum líka frekar en karlar.

55%

Framsóknarmanna vantreysta sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra mest allra ráðherra.

» Könnunin var gerð dagana 23.–28. september 2020. Hún var send til 2.500 manna könnunarhóps Zenter rannsókna, 18 ára og eldri. Svarhlutfallið var 51 prósent og voru svörin vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu.

Framsóknarformaður á flugi í sínum flokki

Traust til Sigurðar Inga Jóhannssonar hefur aukist verulega frá síðustu könnun, þegar rúm tvö prósent treystu honum best. Nú treysta 6,2 prósent honum best. Þá hafa kjósendur Framsóknarflokksins tekið formann sinn í sátt. Í fyrra naut Lilja Alfreðsdóttir mun meira trausts, þegar rúm 62 prósent flokksmanna treystu henni best. Það traust er nú fallið í 36,6 prósent og 40 prósent flokksmanna treysta nú formanni flokksins best allra ráðherra, samanborið við 15 prósent í síðustu könnun.

Traust til Lilju í Miðflokknum hefur einnig fallið síðan í fyrra, þegar tæpur helmingur kjósenda flokksins treysti henni best. Aðeins 11 prósent þeirra treysta henni best í dag. Þeir ráðherrar sem kjósendur Miðflokksins treysta best eru Bjarni Benediktsson (31%) og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir (25%).

SENSAI

THE SENSE AND SCIENCE OF JAPAN 



SENSAI farðar innihalda allir hið einstaka *Koishimaru silk* sem verndar og nærir húðina. Með SENSai förðum hannar þú þitt besta útlit. Geislandi ferskleika eða náttúrulegan ljóma.

Takmarkað úrval af Sensai fæst á Selfossi

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SENSai
VÖRUM DAGANA 1. - 7. OKTÓBER

HAGKAUP
Snyrtivara

Viðurkenning Öldrunarráðs Íslands 2020

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands viðurkenningu til einstaklinga, stofnunar eða félagsamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra.

Öldrunarráð Íslands veitir jafnframt viðurkenningu til fyrirtækja eða stofnana sem hafa myndað sér framúrskarandi stefnu varðandi starfslok starfsmanna og framfylgja henni á ábyrgan máta.

Hér með óskar Öldrunarráð eftir tilnefningum til viðurkenningar Öldrunarráðs Íslands. Öllum er heimilt að senda inn tilnefningar.

Frestur til að senda inn tilnefningar er til og með **4. október 2020** og skulu tilnefningar sendar með tölvupósti á oldrunarrad@oldrunarrad.is



Rannsóknasjóður Öldrunarráðs Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknasjóðsins:

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Umsóknarfrestur er til og með **18. október 2020** og skulu umsóknir sendar rafrænt á oldrunarrad@oldrunarrad.is eða til Öldrunarráðs Íslands, Snorrabraut 58, 105 Reykjavík.

Frekari upplýsingar veitir Jórunn Frímansdóttir, formaður stjórnar Öldrunarráðs Íslands.

Fyrirspurnir sendist á netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is



MARKAÐURINN

Óvíst hvort NOVIS geti staðið við samninga

Grunur er um að slóvakíska félagið NOVIS hafi ekki fjárfest iðgjöld með fullnægjandi hætti. Með fimm þúsund íslenska viðskiptavinum sem greiða 160 milljónir á mánuði. Velta tryggingamiðlarans jókst úr 60 í 850 milljónir.

Þorsteinn Friðrik
Halldórsson
tfh@frettabladid.is



Rökstuddur grunur er um að slóvakíska tryggingafélagið NOVIS, sem er með fleiri en fimm þúsund viðskiptavinum á Íslandi og fær um 160 milljóna króna iðgjöld héðan í hverjum mánuði, hafi ekki fjárfest iðgjöld viðskiptavina sinna með fullnægjandi hætti. Gerðar hafa verið athugasemdir við sölu á tryggingaafurðum félagsins, bæði á Íslandi og í Slóvakíu, og ungerska fjármálaeftirlitið lagði bann við nýsölu á afurðum þess árið 2018. Varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlitsins segir að heimildir til að grípa inn í starfsemi slóvakíska fyrirtækisins hér á landi séu takmarkaðar.

„Eins og staðan er í dag getur verið viðkvæmt að skipta við félagið ef grunur Seðlabanka Slóvakíu (NBS) um að félagið fjárfesti ekki iðgjöld í samræmi við váttryggingarsamninga er á rökum reistur,“ segir Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlitsins. Hún vísar í frétt sem birtist á vef Seðlabankans, þar sem viðskiptavinum var bent á að huga að eigin réttarstöðu og setja sig í samband við félagið, eða váttryggingarmiðlarann sem kom viðskiptunum á.

Seðlabanki Slóvakíu hefur rökstuddan grun um að NOVIS fjárfesti ekki iðgjöld váttryggingartaka í samræmi við skilmála váttryggingarsamninga, það er að segja svo að virði fjárfestinga dugi fyrir endurkaupavirði samninga, komi til uppsagnar váttryggingartaka. Endurkaupavirði er upphæðin sem váttryggingartakar eiga heimtingu á ef þeir segja upp samningum.

Á meðan fjárfest iðgjöld eru lægri en endurkaupavirði er NOVIS bannað að selja nýjar tryggingar. Þá er NOVIS gert að meta í lok hvers almanaksmánaðar hvort skilyrðum ákvörðunar sé fullnægt og senda gögn til NBS þar um. Fjármálaeftirlitinu hefur ekki borist staðfesting frá NBS um að NOVIS hafi uppfyllt skilyrði ákvörðunarinnar.

„Okkur hefur ekki borist staðfesting frá NBS um hvort NOVIS hafi uppfyllt skilyrðin og þar afleiðandi liggur ekki fyrir hvort NOVIS geti gengið frá nýjum samningum frá og með þessum mánaðamótum,“ segir Unnur.

„Þetta er íhlutun af hálfu slóvakíska eftirlitsins, sem er ekki eins afdráttarlaus og við myndum vilja hafa hana. Engum viðskiptavinum er greiði gerður þegar þeir vita ekki í hvorn fótinn þeir eiga að stíga frá mánuði til mánaðar,“ segir Unnur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa greiðslur Íslendinga til slóvakíska tryggingafélagsins numið um einni milljón evra, jafnvirði um 160 milljóna króna, í hverjum mánuði, ef horft er til síðustu mánaða. Upphæðin yfir heilt ár slagar því hátt í 2 milljarða króna. Þessar greiðslur munu halda áfram að berast í hverjum mánuði.

„Fólk sem er í samningssambandi við fyrirtækið mun áfram greiða mánaðarleg iðgjöld, sem félaginu ber að fjárfesta í samræmi við ákvörðun NBS og samningsskilmála,“ segir Unnur.

Váttryggingarmiðlari NOVIS á Íslandi er fyrirtækið Tryggingar og ráðgjöf, en umsvif þess hafa aukist



Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlitsins.

Ungverjar gripu snemma til aðgerða

Fjármálaeftirlit Ungverjalands, sem er hluti af seðlabanka landsins (MNB), stöðvaði tímabundið sölu á söfnunarlíftryggingum NOVIS þar í landi árið 2018. Íslenska fjármálaeftirlitið vakti athygli á þessari ákvörðun á vef sínum.

„Þrátt fyrir að MNB hafi takmarkaða möguleika á því að

grípa til aðgerða gegn tryggingafélögum sem bjóða upp á þjónustu þvert yfir landamæri þá, í undantekningartilfellum, leyfa landslög og Evrópulög MNB að grípa til aðgerða gegn ólöglegu athæfi, sem ógnar öryggi innlends tryggingamarkaðar og hagsmunum neytenda,“ sagði ungerska eftirlitið.

Þetta er íhlutun af hálfu slóvakíska eftirlitsins, sem er ekki eins afdráttarlaus og við myndum vilja hafa hana.

okkar og vegna íhlutunar Seðlabanka Slóvakíu erum við í samskiptum við þá.“

Seðlabanki Slóvakíu lagði 175 þúsund evra sekt á NOVIS á síðasta ári fyrir að gefa viðskiptavinum villandi upplýsingar og aðrar tvær sektir, hvora að fjárhæð 50 þúsund evrur, í febrúar síðastliðnum.

Hefur eftirlitið litla yfirsýn yfir erlendar tryggingaafurðir sem eru seldar Íslendingum og litlar heimildir til að grípa inn í ef það telur ástæðu til?

„Nei, þvert á móti hefur Fjármálaeftirlitið góða yfirsýn yfir erlendar tryggingaafurðir sem eru seldar Íslendingum. Með nýjum lögum um dreifingu váttrygginga eru heimildir skýrari en áður, en þær snúa einkum að eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum þeirra sem selja slíkar afurðir.“

Hver eru næstu skref fjármálaeftirlitsins í þessu máli?

„Við erum í nánu sambandi við NOVIS, slóvakíska Seðlabankann og eftirlitsstjórnvöld í öðrum ríkjum þar sem fyrirtækið er með viðskipti. Auk þess erum við í miklum samskiptum við þá íslensku váttryggingarmiðlun sem selt hefur flesta samninga um afurðir NOVIS,“ segir Unnur.

Þá hætti NOVIS sölu á afurðinni Wealth Insuring hér á landi árið 2019 eftir innleiðingu IDD-tilskipunarinnar. Tilskipunin gerir auknar kröfur til váttryggingafélaga um skilgreiningu videigandi markhópa sem váttryggingaafurð er dreift til. Umrádd afurð gat einungis talist hæfa einstaklingum sem byggju yfir fullnægjandi þekkingu og reynslu af fjárfestingum.

Fulltrúar NOVIS svöruðu nýlegri tilkynningu fjármálaeftirlitsins og sögðu fjárhag fyrirtækisins traustan. Það gæti sinnt viðskiptavinum sínum í samræmi við gerða samninga og staðið við allar sínar skuldbindingar. NOVIS sagði jafnframt íslenska fjármálaeftirlitið hafa missskilið yfirlýsingu Seðlabanka Slóvakíu og að engin hindrun væri fyrir sölu afurða fyrirtækisins.


verulega eftir að hafin var sala á líftryggingaafurðum slóvakíska félagsins í byrjun árs 2018. Velta Trygginga og ráðgjafar, sem var í kringum um 60 milljónir króna á árunum 2016 og 2017, stókk upp í 850 milljónir á árinu 2018. Hagnaðurinn nam 112 milljónum og voru 100 milljónir greiddar í arð. Veltan lækkaði niður í 665 milljónir á árinu 2019 og hagnaður niður í 33 milljónir.

Fjármálaeftirlitið gerði athugun á viðskiptaháttum Trygginga og ráðgjafar árið 2018, í tengslum við sölu á tryggingaafurðum NOVIS. Niðurstaðan var að væntanlegum viðskiptavinum voru veittar rangar og misvísandi upplýsingar með tilliti til samanburðar. Þá voru upplýsingar og þóknarir hvorki kynntar með fullnægjandi hætti, né heldur upplýsingar um áhættu afurðanna. Spurð hvort þessum athugasemdum hafi verið fylgt eftir segir Unnur að svo hafi verið gert. „Við erum mjög virk á vaktinni með starfsemi af þessu tagi og höfum fylgt þessum athugasemdum eftir.“

Hefur eitthvað tengt tryggingaafurðum NOVIS komið inn á bord fjármálaeftirlitsins síðan þá?

„Fjármálaeftirlitið hefur viðvarandi eftirlit með starfsemi váttryggingarmiðlara,“ svarar Unnur. Spurð hvaða heimildir íslenska eftirlitsstofnunin hafi í þessum efnunum, segir hún að þær séu takmarkaðar.

„Við höfum takmarkaðar heimildir til þess að grípa inn í vegna þess að þetta fyrirtæki er ekki með starfsleyfi frá okkur. Hins vegar eru váttryggingarmiðlarar sem dreifa vörunni hér á landi undir eftirliti




Útsala í vefverslun okkar
10-70% afsláttur af sérvöldum vörum

www.epal.is

AÐEINS Í 4 DAGA! Fimmtudag til sunnudags 1. - 4. okt.

Gjafavara
Húsgögn
Ljós





Askja eins og hún birtist í gegnum rauf sem myndaðist í suðurhluta Dyngjufjalla 2014, þegar risastór bergskriða hrundi ofan í blátært Öskjuvatn sem skartar eyjunni Aski. MYND/TG

Almætti Öskju

Tómas Guðbjartsson hjartaskurð-læknir og náttúruunnandi og **Ólafur Már Björnsson** augnlæknir og ljósmyndari

Ein hver magnaðasti staður á jörðinni er Askja í Dyngjufjöllum, skammt norðan Vatnajökuls. Undir þessari risastóru megineldstöð er kvikuhólf og hefur miðsvæði hennar sigið þannig að úr lofti líkist Askja risagíg. Syðst varð síðan frekara landsig eftir eldgos árið 1875 og myndaðist þá næstdýpsta vatn landsins, Öskjuvatn, sem er 220 metra djúpt og 11 ferkílómetrar að stærð. Úr nálægum eldgíg, Víti, barst í þessum hamförum aska til annarra landa en þó mest yfir Austurland, sem ýtti undir fólksflutninga þaðan til Vesturheims.

Í Öskju eru náttúruöflin stöðugt að verki og eldgosin fjölmörg, síðast í Vikraborgun árið 1961. Í öðru gosi árið 1926 varð til eyjan Askur. Nafnið er vel til fundið því í norrænni goðafræði var askur Yggdrasils lífsins tré og stóð í miðju flatrar jarðkringlu sem umlukin var hafi (blátært Öskjuvatn), en utan um hana lá einnig Miðgarðsormur (Dyngjufjöll) og beit í skottid á sér. Í Öskju, á miðju hálendi Íslands, ber því sjálft almættið fyrir sjónir. Páll Skúlason heimspækingur lýsti hughrifum sínum þannig: „Þegar maður kynnist slíkri veröld er maður kominn á leiðarenda. Kominn í snertingu við veruleikann sjálfan. Hugurinn opnast fyrir fullkominni fegurð og maður sér loksins um hvað lífið snýst.“ Hann hélt áfram: „Í Öskju eru óræð öfl að verki; öfl náttúrunnar sem geta brotist út hvenær sem er og valdið mönnum þungum búsiþjóm.“ Þarna hitti Páll naglann á höfuðið, því tæpum áratug eftir að hann setti hugleiðingar sínar á blað varð eitt stærsta berglaup á sögulegum tíma á Íslandi, þegar risaspilda hrundi úr Suðurbotnum Dyngjufjalla og niður í Öskjuvatn. Kom það af stað allt að 30 metra hárrí flóðbylgju í vatninu sem skolaðist upp á bakkana í kringum vatnið, meðal annars ofan í Víti. Annars ríkir í Öskju fullkomin öræfakýrrð og orð heimspækingins hitta aftur beint í mark: „Askja táknar einfaldlega jörðina sjálfa, hún er jörðin eins og hún var, er og verður, á meðan hún heldur áfram hringsólu sínu um himingeiminn.“

Frá Vikraborgum í Öskju er aðeins 35 mínútna gangur inn að Öskjuvatni, en einnig má ganga nokkurra tíma leið vestur yfir Dyngjufjöll frá Drekgili og fæst þá óviðjafnanlegt útsýni yfir Öskju. Sprækt göngufólk getur síðan arkað 34 kílómetra leið umhverfis Öskjuvatn frá Drekgili á löngum göngudegi, eða 25 kílómetra hring frá Vikraborgum. Slík ganga er krefjandi verkefni – enda gengið umhverfis sjálft almættið.



Fókus á hjarta landsins




Öskjuvatn og Víti eru ómótstæðileg tvenna, þótt ólík séu. MYND/ÓMB



Eldgigurinn Víti er við norðurhluta Öskjuvatns og þar er hægt að baða sig. Myndin er tekin daginn eftir berghrunið mikla.

MYND/ÓMB


ALLIR ELSKA GÓÐA BÓK!



Hansdætur
Verð: 6.999.-



Bálviðri
Verð: 3.999.-



Við skjótum tituprjónum
Verð: 4.499.-



Pegar karlar stranda
Verð: 3.999.-



Bölvun múmiunnar
Verð: 4.999.-



Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen - Endalok alheimsins
Verð: 3.999.-



Tengdadóttirin II - Hrundar vörður
Verð: 3.999.-

1.
Metsölulisti
Eymundsson



PAX 4 - Tilberinn
Verð: 3.999.-



Fuglaflipp
Verð: 3.999.-



Öll með tölu
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Líkkistusmiðirnar
Verð: 3.999.-



Sjáðu!
Verð: 3.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gildir til og með 31. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Réttindi



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Baráttan við COVID hefur kallað á harðar aðgerðir víða um heim. Stórlega hefur verið gengið á mannréttindi fólks og flestir taka því nánast eins og sjálf-sögðum hlut, sennilega vegna þess að stjórnvöld hafa komist ansi nálægt því að hræða úr þeim líftöruna. Í allnokkrum löndum hefur fólk þó treyst sér út úr húsi og mætt á fjöldafundi til að mótmæla skerðingu á mannréttindum sínum. Fjölmiðlar afgreiða þennan hóp sem afneitunarsinna og trumpista. Það er einföld afgreiðsla og um leið sú þægilegasta því þá þarf ekki að rýna frekar í málið.

Á áðurnefndum mótmælafundum er örugglega slatti af aðdáendum Donalds Trump og einhver hóp afneitunarsinna, en þarna hljóta líka að vera skynsamir almennir borgarar sem hafa rýnt í tölfræði og komist að þeirri niðurstöðu að COVID sé ekki drep-sótt. Þetta er hópur sem sér ekki vit í því að loka fólk, og þar á meðal börn, inni vikum og jafnvel mánuðum saman. Það sér heldur enga skynsemi í því að skella í lás í búðum og á veitingastöðum og gera borgir og bæi að draugastöðum. Þessi hópur gerir sér mætavel grein fyrir skelfilegum efnahagslegum afleiðingum svo harðra aðgerða og hinni stórkostlegu andlegu vanlíðan sem skapast um leið hjá svo mörgum. Það á að þakka fyrir þennan hóp því hann heldur vöku sinni og spyr spurninga sem þarf að spyrja.

Á þessum skrytnu tímum eru fjölmiðlar ekkert að flækja hlutina með því að spyrja gagnrýnna spurninga eins og þeirra hvort gengið hafi verið of langt í aðgerðum gegn COVID. Svo sannarlega finnast vísindamenn og læknar sem telja að svo sé. Belgiskir læknar sendu til dæmis nýlega frá sér opið bréf þar sem þeir sögðu aðgerðir yfirvalda þar í landi allt of harðar og fóru fram á afnám þeirra. Sjónarmið eins og þessi eiga hins vegar ekki upp á pallborðið og vekja engan áhuga fjölmiðla. Fjölmiðlar vilja bara fá nýjustu tölur um smit og dauðsföll, en setja þær ekki í samhengi. Tölurnar virðast því skelfilega háar og meðal annars þess vegna bregðast svo margir við eins og svartidaudi hafi haldið innreið sína.

Hér á landi er staðan vissulega skárri en víða annars staðar. Viðir Reynisson yfirlöggregluþjónn hefur sagt að hann hafi engan áhuga á að hér verði til lögregluríki. Hann hefur í COVID-umræðunni minnt á mannréttindi fólks, eins og félagar hans í þríeykinu hafa einnig gert. Þannig, segja þau, eiga aðgerðir að vera eins mildar og mögulegt er. Þau vilja vel, en það kemur ekki í veg fyrir að ræða þarf og skoða hvort aðgerðir hafi gengið of langt.

Íslenskir stjórnmalamenn hafa lítt rætt um mannréttindapáttinn á COVID-tímum, fyrir utan einstaka þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Nú hafa Píratar stigið fram og farið fram á rannsókn á aðgerðum stjórnvalda í tengslum við COVID, þar á meðal með tilliti til mannréttinda. Þessu framtaki Pírata ber að fagna.

Það á ekki að vera sjálfsgödur hlutur að fólk sé svipt mannréttindum sínum eins og ekkert sé. Ekki einu sinni þegar alvarlegt ástand skapast.



Þau vilja vel, en það kemur ekki í veg fyrir að ræða þarf og skoða hvort aðgerðir hafi gengið of langt.



2 dagar til jóla!

SVO ÞÚ FÁIR HÚSGÖGNIN ÖRUGGLEGA HEIM FYRIR JÓLIN
- ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF PÖNTUNUM

MÓDERN

- heimur fagaðra möguleika
www.modern.is

WIKI MINNÉ KFF KRATBANKEN KRATBANKEN

FAXAFEN 10 - 108 REYKJAVÍK - 534 7777

Halldór



Frá degi til dags

Skil ekki vald
Nýlega auglýsti Seðlabankinn starf forstöðumanns skrifstofu skilavalds. Eflitað er útskýringa er þetta um það bil það sem skrifað hefur verið um málið: Skilavald er nýtt stjórnvald sem hefur með höndum undirbúning og framkvæmd skilameðferðar fjármálafyrirtækja. Sextán sóttu um, sem er magnað því enginn skilur hvað skilavald stendur fyrir og mjög líklegt að umsækjendur séu þar á meðal. Það er auðvitað alltaf þörf fyrir nýtt og ferskt stjórnvald og sá sem hreppir hnossið hlýtur að geta gúglað eitthvað um hvað hann á að gera.

Viðir er'ann
Viðir Reynisson sótti um starfið sem hann er í, yfirlöggregluþjónn almanna- og rikislögrelustjóra, og reyndist eini umsækjandinn, nú þegar umsóknarfresturinn er liðinn. Þetta verður því auðvelt val og óþarfi að búa til sérstaka hæfisnefnd til að meta hæfi umsækjenda og raða í forgangsroð því hann er óumdeilanlega hæfastur umsækjenda. Þetta er til eftirbreytni hjá Viði og þarf að taka upp víðar í kerfinu. Þetta er einfalt. Það hefði verið til mikillar einföldunar ef aðeins fimmtán dómáram hefðu sótt um í Landsrétti forðum. Það hefði sparað mikið vesen.

Óbreytt ástand?



Logi Einarsson
formaður Samfylkingarinnar

Í sjónvarpsviðtali um helgina sagðist forsætisráðherra leggja mikla áherslu á að nýtt auðlinda-ákvæði kæmi til afgreiðslu á Alþingi í vetur. Auðvitað er það skammarlegt að nýtt auðlinda-ákvæði sé ekki löngu komið inn í stjórnarskrá. Gallað fyrirkomulag í sjávarútvegi hefur gert örfáum einstaklingum kleift að raka til sín gríðarlegum auði, sem þeir hafa síðan nýtt til að auka áhrif sín í íslensku samfélagi, með þeim afleiðingum að þeir hafa sölsað undir sig hluti í bönkum, tryggingafélögum, dagvöruverslunum, á leigumarkaði og jafnvel fjölmiðlum. Samfylkingin hefur lengi barist fyrir auðlinda-ákvæði í stjórnarskrá, sem tryggir íslensku þjóðinni réttlátan arð af sameiginlegri auðlind hennar. Fyrir því að þjóðarvilji sé virtur og hið lýðræðislega ferli sem samning nýrrar stjórnarskrár var sett í eftir hrún verði klárað. Þannig að innan fárra ára búi Íslendingar stoltir að nýrri stjórnarskrá, byggðri á tillögum Stjórnlagaráðs.

En því miður uppfyllir það auðlindaákvæði sem nú er lagt til grundvallar engan veginn það markmið. Tillagan sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda í maí á síðasta ári, kveður til dæmis hvorki skýrt á um tímabindingu aflaheimilda né heldur fullnægjandi gjaldtöku fyrir afnot.

Í stuttu máli sagt er þetta tillaga um óbreytt ástand. Varðstada um gallað kerfi.

Og eins mikilvægt og það er að viðtæk sátt skapist um sanngjarna skiptingu arðsins og réttláta skiptingu gæða, sérstaklega þegar við stöndum frammi fyrir risastórum áskorunum bæði til styttri og lengri tíma, er útilokað að sátt náist um slíka tillögu. Hvorki á Alþingi né meðal almennings.

Ísland er nógu ríkt land og auðugt að auðlindum til að hægt sé að tryggja öllum ásætlanleg kjör – réttlátur arður af auðlindum þjóðarinnar er lykilkjör í því að okkur takist að dreifa gæðum og deila byrðum. Við í Samfylkingunni munum leggja þunga áherslu á þetta í vetur – og halda áfram að krefjast réttláts arðs af auðlindum til þjóðarinnar. Fyrir verður engin sátt í samfélaginu.



Ísland er nógu ríkt land og auðugt að auðlindum til að hægt sé að tryggja öllum ásætlanleg kjör.

AF KÖGUNARHÓLI

Forsendubresturinn og krónan



Þorsteinn Pálsson

lífskjörum, en ekki formsatriðin.

Lækkun vaxta var hins vegar skrifuð sem formleg forsenda inn í samningana. En lækkuðu vextir í kjölfarið vegna þeirra eða bættrar hagstjórnar?

Vextir og samdráttur

Þegar samningarnir voru gerðir var samdráttur í þjóðarbúskapnum þegar byrjaður. Vaxtalækkunin var því vegna samdráttar, sem þegar var orðinn og sjá mátti fyrir að yrði enn meiri.

Fyrsta vaxtalækkunin var þannig afleiðing af því að ekki tókst að varðveita hagvöxtinn. Kórónaveirukreppan keyrði vexti síðan enn lengra niður. Það voru ekki mistök ríkisstjórnar heldur ytra áfall.

Vaxtalækkunin var þannig í báðum tilvikum eðlilegt andsvar við samdrætti, en hafði lítið með kjarasamninga að gera. Og enn síður lágu rætur hennar í bættri stjórn peningamála eða ríkisfjármála.

Séríslenskar búsigfar

Kórónaveirukreppan hefur valdið álíka miklum samdrætti í þjóðarframleiðslu hjá okkur og öðrum þjóðum. Að sama skapi hefur atvinnuleysi vaxið hlutfallslega með svipuðum hætti og meðal helstu viðskiptaþjóða.

En hér hefur þrennt gerst, sem aðrar þjóðir þurfa ekki að þola:

Í fyrsta lagi hrundi gengi krónunnar um 20 prósent. Gjaldmiðlar



Þannig býr krónuhagkerfið til meiri misskiptingu innbyrðis í atvinnulífinu en fyrirtæki samkeppnislandanna þurfa að þola.

helstu viðskiptaþjóða hafa á hinn bóginn verið nokkuð stöðugir.

Í öðru lagi hefur verðbólga meira en tvöfaldast á þessu ári og er nú komin verulega yfir viðmiðunarmörk Seðlabankans og fer vaxandi, á meðan hún er mun stöðugri á öðrum Norðurlöndum og í Evrópu.

Í þriðja lagi gerðu stjórnvöld tilraun til að halda gengi krónunnar uppi með því að setja lífeyrissparnað almennings í höft. Þessi óábyrga tilraun mistókst hræðilega. En fyrir vikið bitur kreppan lífeyrisþega meira hér en í grannlöndum.

Þannig veldur krónan verulegum búsigfum, umfram það sem aðrar þjóðir þurfa að þola vegna kórónaveirukreppunnar.

Rökin fyrir krónunni falla á ný

Eina röksemdin fyrir því að halda í krónuna er sú að sjálfkrafa lækkun hennar vegna heimatilbúinna mistaka eða ytri áfalla styrki útflutning og komi í veg fyrir atvinnuleysi.

Veruleikinn blasir nú við. Þrátt fyrir hrun krónunnar er atvinnu-



leysi það sama hér og hjá þjóðum með stöðugan gjaldmiðil. Eins var þetta í fjármálakreppunni. Röksemdin fellur enn á ný.

Útflutningur hefur ekki aukist þrátt fyrir hrun krónunnar, vegna þess að stærsti hluti vöruútflutnings byggir á fullnýttum auðlindum. Gengislækkun fjölgar ekki fiskum í sjónum. Hún fjölgar heldur ekki virkjunarkostum.

Eftir hrun krónunnar í fjármálakreppunni var útflutningshagvöxtur til að mynda lengur að taka við sér hér en á Írlandi, sem notar evru.

Krónan veldur misskiptingu

Gengishrunið nú hefur sem sagt ekki bætt hag þjóðarinnar í heild með meiri verðmætasköpun

fremur en endranær. En það hefur eftir sem áður skilað útflutningsfyrirtækjum fleiri krónum í kassann.

Gengishagnaður útflutningsfyrirtækja er forsendubati, sem stendur vel undir umsömdum launahækkunum þeirra. En ferðaðþjónustan nýtur ekki þeirrar forgjafar núna og heldur ekki fyrirtæki sem nota einungis íslenskar krónur.

Þannig býr krónuhagkerfið til meiri misskiptingu innbyrðis í atvinnulífinu en fyrirtæki samkeppnislandanna þurfa að þola.

Þetta er grundvallarvandinn í þjóðarbúskapnum. Og meðan stjórnvöld vilja ekki taka á honum verður norræna vinnumarkaðsmódelið bara draumsýn.

Forsendur og form

Kjarasamningarnir í fyrra stefndu í óefni fram að falli Wow. Niðurstaðan var nær veruleikanum, en byggði samt á veikum efnahagslegum forsendum. Kórónaveirukreppan breytti þeim síðan í grundvallaratriðum. En enginn formlegur fyrirvari var gerður vegna hugsanlegs tekjufalls þjóðarbúsins.

Á endanum er það þó alltaf verðmætasköpunin sem stendur undir

Rekstrarleiga

ATVINNUBÍLAR Á FRÁBÆRU VERÐI

Rekstrarleiga er hagkvæm og örugg. Þú velur bílinn sem hentar og greiðir fast mánaðarverð þar sem helsti rekstrarkostnaður er innifalinn. **Komdu í heimsókn og reiknaðu dæmið til enda.**

INNIFALIÐ:

- SMURÐJÓNUSTA
- BIFREIÐAGJÖLD
- TRYGGINGAR
- SUMARDEKK
- VETRARDEKK
- 20.000 KM Á ÁRI



RENAULT TRAFIC

Stuttur, 2000 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **109.900 kr. án vsk.***

Verð 4.590.000 kr. m. vsk.



NISSAN NAVARA

Acenta, 2300 cc dísil, sjálfskiptur

Leiga: **226.900 kr. m. vsk.***

Verð 8.250.000 kr. m. vsk.



RENAULT KANGOO

II Express, 1500 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **88.600 kr. án vsk.***

Verð 3.590.000 kr. m. vsk.



DACIA DOKKER

1500 cc dísil, beinskiptur

Leiga: **79.800 kr. án vsk.***

Verð 3.150.000 kr. m. vsk.

*Mánaðargeiðsla miðað við þriggja ára rekstrarleigusamning við lett.is

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is






**BLEIKA
SLAUFAN**

Samann vinnum við að framförum

Styðjum krabbameinsrannsóknir





Á síðustu 50 árum hafa lífslíkur kvenna með krabbamein á Íslandi tvöfaldast og eru mjög góðar á heimsmælikvarða. Rannsóknir og öflugt vísindastarf eru grunnurinn að þessum góða árangri. Verkinu er þó hvergi nærri lokið.

Með áframhaldandi rannsóknum getum við gert enn betur fyrir komandi kynslóðir.

Með kaupum á Bleiku slaufunni átt þú þátt í að fækka þeim sem fá krabbamein, fjölga þeim sem lifa af og bæta lífsgæði þeirra.

Takk fyrir stuðninginn.
Þitt framlag skiptir máli.

1990

5.026

2000

7.539

2010

11.605

2019

15.794

NORDCAN

Þátttaka í gagnagrunni um krabbamein á Norðurlöndum – grunnur fjölda rannsókna

BRCA2 genið finnst

Genið finnst í alþjóðlegri samvinnu með þátttöku vísindamanna félagsins

Gæðaskráning

Skráning greiningar og meðferðar eflist í samvinnu við LSH og SAK

Rannsóknir á áhrifum lífsstíls

Samnorrænar rannsóknir á áhrifum lífsstíls á nýgengi krabbameina næstu 30 ár

Blóðskimun til bjargar

Krabbameinsfélagið er samstarfsaðili rannsóknarinnar

BRCA2 og blöðruhálskirtill

Niðurstöður Krabbameinsfélagsins hafa áhrif á eftirlit um allan heim

Vísindasjóður stofnaður 2015

Síðan 2017 hefur sjóðurinn styrkt 30 rannsóknir um 227 milljónir króna

Áttavitinn

Ný rannsókn á reynslu og upplifun af greiningar- og meðferðarferli

1987

1995

2003

2007

2015

2016

2017

2020

Einangrun – er of langt gengið?



Hallmundur Albertsson
lögmaður

Greinist einstaklingur á Íslandi með COVID-19 sjúkdóminn fer hann samkvæmt ákvörðun sóttvarnaryfirvalda í fjórtán daga einangrun talið frá þeim degi sem sjúkdómurinn greinist. Hvenær sjúklingur fær fyrstu sjúkdómseinkenni hefur ekki áhrif. Það er jafnframt skilyrði fyrir því að losna úr einangrun að sjúklingur hafi verið einkennalaus í sjö daga.

Í Noregi lýkur einangrun þegar einstaklingur hefur verið einkennalaus í þrjú daga og minnst átta dagar eru liðnir frá upphafi einkenna. Hafi einstaklingur fengið jákvætt próf en er ekki með sjúkdómseinkenni skal hann sæta einangrun í tíu daga frá sýnatökudegi hins jákvæða prófs.

Í Danmörku fer einstaklingur sem greinist sjálfkrafa í einangrun. Einangrun lýkur tveimur sólarhringum frá því einstaklingur varð einkenna-

laus. Hafi einstaklingur ekki haft sjúkdómseinkenni skal hann sæta einangrun í sjö daga eftir jákvæða niðurstöðu.

Í Svíþjóð lýkur einangrun sjö dögum eftir að sjúkdómseinkenni koma fram og þarf einstaklingur að hafa verið einkennalaus í tvo daga til að ljúka einangrun. Hafi einstaklingur ekki haft sjúkdómseinkenni við greiningu miðast upphaf sjö daga frestsins frá sýnatökudegi jákvæðs prófs.

Umfjöllun um reglur sem gilda um einangrun á Norðurlöndunum þremur eru meginreglur sem í gildi eru en umfjöllun um frávik frá þeim hefur ekki þýðingu hér.

Eins og sést á framangreindri umfjöllun er tímalengd einangrunar verulega meira íþyngjandi á Íslandi en í samanburðarlöndunum. Upphaf einangrunar miðast við þann dag þegar sjúkdómseinkenni koma fram í samanburðarlöndunum en miðast við sýnatökudag á Íslandi. Þar getur munað nokkrum dögum. Þá er tímalengd umtalsvert lengri. Undantekningarlaust skal sá sem greinist á Íslandi sæta að lágmarki fjórtán daga einangrun frá sýnatökudegi en sá frestur er sjö til átta dagar frá því sjúkdómseinkenni komu fram í saman-



Við þann einfalda samanburð sem gerður er hér að framan á sóttvarnaráðstöfunum á Íslandi og þremur Norðurlöndum er áleitun sú spurning hvort stjórnvöld á Íslandi hafi farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

burðarlöndum. Á Íslandi er gerð krafa um sjö einkennalaus daga en tvo til þrjú í samanburðarlöndunum.

Á upplýsingasiðum sóttvarnaryfirvalda á Íslandi er ekki að finna neinn rökstuðning fyrir því af hverju frelsisvipting einstaklinga er umtalsvert lengri hér en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við og verður ekki haldið fram að standi okkur að baki í þekkingu á læknisfræði.

Í 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er meðalhófsreglan lögfest. Þar er kveðið á um að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmatu markmiði, sem stefnt er að, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki



sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

Vart þarf að fjölyrða um að frelsisvipting felur í sér skerðingu á helgustu mannréttindum einstaklinga sem varin eru af 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

Þó ekki verði deilt um þá frumskyldu stjórnvalda að verja líf og heilsu almennings þegar glímt er við heimsfaraldur mega þær ráðstafanir sem gripid er til ekki ganga lengra en nauðsynlegt er til að ná því markmiði sem að er stefnt.

Við þann einfalda samanburð sem gerður er hér að framan á sóttvarnaráðstöfunum á Íslandi og þremur

Norðurlöndum er áleitun sú spurning hvort stjórnvöld á Íslandi hafi farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til. Geti stjórnvöld ekki sýnt fram á læknisfræðileg rök sem gera það líklegt að meira en tvöfalt lengri einangrun á Íslandi miðað við samanburðarlöndin sé nauðsynleg sóttvarnaráðstöfun er nærtæk ályktun að líta svo á að brotið sé gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga og tilvitnuðum mannréttindaákvæðum til verndar frelsi einstaklingsins með þeim ráðstöfunum sem í gildi eru hér á landi. Verður í þessu sambandi að horfa til mögulegra afleiðinga sem lengri einangrun hefur á andlega líðan og fjárhagslegt tjón sem hún kann að valda.



Akureyrarbær

Gestaíbúð í Davíðshúsi:


stendur skáldum, rithöfundum og öðrum lista- eða fræðimönnum til tímabundinnar dvalar gegn vægu gjaldi. Í umsóknum komi m.a. fram:

- stutt kynning á umsækjanda
- að hverju umsækjandi hyggst vinna,
- ækislegt tímabil og tímaskeið dvalar,

Umsóknarfrestur vegna afnota á árinu 2021 er til 21. október n.k.

Allar nánari upplýsingar veitir umsýslunarmaður íbúðarinnar Þórður Sævar Jónsson, s.: 4601250; thordurs@amtsbok.is

Úlfar



Sigurjón Arnórsson
framkvæmdastjóri Flokks fólksins

Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 tók við svo kölluð „velferðarstjórn“ Samfylkingarflokksins og Vinstrihreyfingar – græns framboðs, á árunum 2009 til 2013. Það var þá sem skerðingin „króna á móti krónu“ var lögfest. Króna á móti krónu skerðing felur í sér að lífeyrir almennatrygginga skerðist um krónu fyrir hverja krónu sem lífeyrisþegi aflar sér, sem dregur verulega úr hvata lífeyrisþega til að afla eigin tekna. Með einu pennastriki tókst „velferðarstjórninni“

að festa verst settu þjóðfélagsþegnana, öryrkja og eldri borgara í fátæktargildru.

Kórónuveiran og efnahagslegar afleiðingar hennar stefna Íslandi í aðra kreppu. Kosid verður til Alþingis á næsta ári og samkvæmt því sem kemur fram í fjölmiðlum og samtölum við áhrifaríkt fólk í stjórnmálum munu Samfylkingin og Vinstrihreyfingin – „grænt framboð“ reyna að mynda „Reykjavíkurstjórn“ með Pírötum og Viðreisn. Í því samhengi er mikilvægt fyrir aldraða og öryrkja að velja því fyrir sér hvað það mun þýða fyrir réttlætisbaráttu þeirra um betri kjör. Munu þau þurfa að liða frekari skerðingar undir slíkri ríkisstjórn?

Árásir „velferðarstjórnarinnar“ gegn fátæku fólki hafa lítið verið til umræðu á Alþingi. Í júní 2019, gagnrýndi formaður Flokks fólksins

ríkisstjórn Jóhannu Sigurðardóttur fyrir krónu á móti krónu skerðinguna. Viðbrögð þingmanns VG var að hundskamma samtök öryrkja og aldraðra, ásamt þingmanni Flokk fólksins, sem þó fór með rétt mál. Þingmaður Flokks fólksins var sakaður um að virða ekki kynsystur sína, Jóhannu Sigurðardóttur, en erfitt er að sjá hvernig það skipti máli hvort verið sé að gagnrýna aðila af sama kyni eða hinu gagnstæða þegar umræðan snýst um skerðingar almennatrygginga. Í lok ræðu þingmanns VG mátti heyra nokkra þingmenn Samfylkingar segja „heyr, heyr“. Þessir flokkar sjá því greinilega ekki eftir sínum hlut í því að löggesta þessar skerðingar á þá sem standa höllustum fæti í samfélaginu.

Spyrja má hvort afkomendur „velferðarstjórnarinnar“ séu úlfar í saudargæru.

Þessi gula króna ...

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

SPARAR ÞÉR AURINN

Ef vara er merkt ódýr þýðir það að þetta sé ódýrasta varan í þessum vöruflokki

Pssst ... elt'ana

KRONAN

Afgreiðslutímar á www.kronan.is



FIMMTUDAGUR 1. OKTÓBER 2020

Tíska



Blaðamaðurinn og skáldkonan Júlía Margrét Einarsdóttir veður undantekningarlaust athygli fyrir skemmtilegan og öðruvísi klæðaburð hvert sem hún fer og hvar sem hún er.

→4



Anna Linda er lögfræðingur og rekur eigin stofu. Í frístundum dansar hún og kennir magadans sem er í miklu uppáhaldi hjá henni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ENZYMEDICA®

Meltu betur!



Kvenleikinn og mýktin umvefur magadansinn

Anna Linda Bjarnadóttir lögmaður er ekki bara sérfræðingur á sínu sviði í lögum og reglum, heldur kennir hún magadans í frístundum. Hún féll fyrir dansinum í San Diego í Bandaríkjunum þar sem hún var í framhaldsnámi. →2

Framhald af forsiðu →

Elín
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Þegar Anna Linda útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskóla Íslands fór hún að vinna hjá Deloitte endurskoðunarskrifstofu í þrjú ár en lét sig dreyma um framhaldsnám í útlöndum, enda langaði hana alltaf að fara út sem skiptinemi á yngri árum. „Ég ákvað að sérhæfa mig enn frekar í skattarétti, sem hefur verið mitt uppáhaldssvið í lögfræðinni. Fyrir valinu varð nám í alþjóðlegum og bandarískum skattarétti við lagaháskólann í San Diego sem bauð upp á þetta sérhæfða nám,“ segir hún. „Ég var svo heppin að fá Fulbright-styrk frá bandaríska sendiráðinu og styrk frá skólanum sjálfum til að greiða skólagjöldin, sem voru mjög dýr. Þetta var yndislegur tími og eitt besta ár lífs míns. Falleg borg, áhugavert nám og stöðugt veðurfar, ásamt því að kynna fólk alls staðar að úr heiminum átti stóran þátt í því. Auk þess er San Diego ekki dæmigerð bandarísk borg. Mjög margir innflytjendur búa þar frá Mexíkó og Suður-Ameríku, sem gefur borginni mikinn sjarma,“ segir hún.

Á þessum slóðum eru margir salsa-dansstaðir sem Anna Linda heillaðist af. „Fyrst var kennsla og síðan dansað á eftir. Flestir karldansarar voru suðuramerískir og þeir kunna að dansa, virðast hafa dansinn og taktinn í blóðinu. Ég fór oft á þessa staði með vin-konum mínum sem ég kynntist í skólanum og fannst þetta mjög skemmtilegt. Eitt kvöld skipulagði háskólinn alþjóðlegt kvöld fyrir erlendu nemana og þar var meðal annars boðið upp á magadans-sýningu frá dansskóla í borginni. Í einu atriðinu tóku dansarar nokkra nemendur á dansgólfið, mig þar á meðal, og við áttum að dansa með þeim. Mér fannst músíkin svo frábær og skemmti mér konunglega. Magadansinn átti strax við mig og ein úr danshópnun hvatti mig til að byrja að æfa magadans. Ég hló nú bara að henni þá, en kvöldið sat í mér og ég gleymdi ekki þessari upplifun,“ segir Anna.

Magadans fyrir líkama og sál

Þegar Anna Linda kom aftur heim til Íslands að námi loknu sá hún auglýst námskeið í magadansi hjá Kramhúsinu. „Ég skellti mér á námskeið í janúar 2002 hjá kennara frá Brasilíu. Ég varð síðan barnshafandi og hætti í nokkur ár, en við kennarinn náðum aftur saman síðar og þá var ekki aftur snúið,“ segir hún. „Það var eftir að ég hafði samband við kennarann og það hann að dansa og vera með skemmtiatriði í jólaveislu fyrir viðskiptavinum mína,“ segir Anna Linda sem rekur eigin lögfræðistofu, Lexistu ehf.

„Það gerist eitthvað í magadansinum,“ segir Anna, sem varð aftur barnshafandi þegar hún byrjaði að æfa á ný. Hún tók sér árshlé frá dansinum og hefur haldið áfram síðan. Eiginmaður hennar er líka lögmaður, Ægir Guðbjarni Sigmundsson, en þau eiga tvo syni, 13 og 18 ára. Þau æfðu samkvæmis-dansa fyrir nokkrum árum, sem var þeirra tími þegar synirnir voru yngri. Anna segist þess utan stundum sýna eiginmanninum nýja dansa, sem hún hefur samið og hann hefur gaman af því að fylgjast með. Hefur jafnvel mætt í tíma til að taka myndir fyrir hana. „Magadansinn er þó í mestu uppáhaldi, enda er hann fullkominn fyrir kvenlíkamann og tónlistin frábær,“



Anna Linda segir að pilsin geri svo mikið fyrir dansinn, sem og blævængir og slæður. Hún er auk þess mjög hrifin af pilsum og kjólum með spænsku „volante“ og að vera með blóm í hárinu. Hér er hún í magadansklaðum.

segir Anna, sem er einnig drjúgur göngugarpur og fer á fjöll. Hún hefur tvisvar gengið á Hvannadalshnjúk auk Fimmvörðuháls, en í sumar fór hún í fjögurra daga hestaferð í Þórsmörk.

Skrautlegir búningar

Þegar magadanskennari Önnu tók sér hlé haustið 2012, ákvað hún að halda sín eigin dansnámskeið til að geta haldið áfram. Þá hafði hún prófað að kenna byrjendanámskeið og hafði gaman af. „Fyrst leigði ég sal hjá CrossFit-stöð á Suðurlandsbraut og það var mikill áhugi fyrir dansinum. Fjórtnán konur mættu til leiks á fyrsta námskeiðið. Þegar stöðin var seld flutti ég dansnámskeiðin yfir til World Class og hef verið í samstarfi þar í sex ár. Núna kenni ég dansinn í World Class Smáralind, sem var áður Baðhús Lindu og öll umgjörð mjög kvenleg. Ég hef hvergi dansað í betri sal, öll aðstaða er eins og best verður á kosið. Maður finnur þetta kvenlega í loftinu sem gefur umhverfinu sérstakt andrúmsloft, auk þess sem mér finnst skipta máli að þátttakendur hafi aðgang að búningasklefa, sturtum, gufum og heitum potti eftir tímana.

Ég fæ alltaf nýjar konur á byrjendanámskeið, en þær sem eru með mér í framhaldstímum eru búnar að fylgja mér lengi, jafnvel frá upphafi. Næsta byrjendanámskeið hefst 5. október,“ segir Anna. „Stærsti hópurinn er konur á aldrinum 30-55 ára. Þetta eru konur sem hafa mismunandi bak-

“Ég heyri mikið um einelti í grunnskólum og foreldrar hafa þurft að láta börn sín skipta um skóla vegna þess, en ég vil stöðva slíka þróun.

grunn, menntun og starf en þegar þær eru komnar í pils og topp og byrja að dansa eru allar sem ein. Búningarnir eru skrautlegir og mikið lagt í þá. Ég hef keypt búninga í Tyrklandi og á netinu. Einnig er hægt að kaupa notaða búninga hér heima. Einn nemandi minn hefur verið öflugur í að sauma búninga á okkur fyrir sýningar og er mjög flink. Magadans er auðvitað fyrir glysgjarna og endalaust hægt að gera konur kvenlegar og flottar með búningum, förðun og fylgihlutum. Arabísk augnförðun er mjög glæsileg og íburðarmikil, sérstaklega hvernig eyliner er beitt. Konur frá Arabalöndum hylja oft og tíðum opinberlega andlit sitt að augunum undanskildum og nota því áberandi förðun í kringum þau.“

Blævængir og slæður

Anna Linda og danshópur hennar hafa tekið þátt í árlegum sýningum á danshátíðinni 1001 nótt í Tjarnarbiói, en þeirri sýningu var frestað í vor, eins og svo mörgu öðru. „Það



Danshópur undir stjórn Önnu Lindar. Þær taka sig vel út.

hefur verið uppskeruhátíð okkar sem dönsun magadans. Sömuleiðis höfum við verið með skemmtiatriði á árs hátíðum. Ég er hrifin af öllu spænsku/latin. Ég sem líka eigin dansa við latíntónlist og nota flamenco-pils í suma dansana. Pilsin gera svo mikið fyrir dansinn, sem og blævængir og slæður. Ég er auk þess mjög hrifin af pilsum og kjólum með spænsku „volante“ og að vera með blóm í hárinu,“ segir hún. „Ætli meg ekki segja að ég sé glysgjörn. Ég er til dæmis alltaf fin í vinnunni en klæði mig eftir veðri. Á sumrin er ég oft í kjól eða pils en drögtum á veturna. Ég kaupi mikið af mínum fatnaði erlendis eftir að uppáhaldsbúðinni minni hér heima var lokað. Núna ferðast maður ekki svo ég nota þann fatnað sem ég á í skápnum.“

Fyrirlestrar um einelti

Dansinn er ekki eina áhugamál Önnu Lindu því hún heldur ákaflega áhugaverð námskeið, meðal annars er varða eineltismál og lagaleg réttindi þeirra sem verða fyrir slíku. „Ég hef verið með námskeið fyrir þá sem vilja stofna fyrirtæki frá árinu 2002, en undanfarið hef ég verið að undirbúa fyrirlestra um lagaleg úrræði gegn einelti sem ég hyggst bjóða upp á í öllum grunnskólum landsins sem þurfa á slíkri fræðslu að halda. Ég mun setja mig í samband við foreldrafélög skólanna í október.

Þó svo fyrirlesturinn sé fyrst og fremst fyrir foreldra geta vitaskuld skólastjórnendur og kennarar nýtt sér hann líka. Ég mun kynna fyrir foreldrum þau úrræði sem grunnskólalögin bjóða upp á, rétt þeirra gagnvart stjórnvöldum eins og leiðbeingarskyldu, auk þess

Anna Linda hefur verið að undirbúa fyrirlestra um lagaleg úrræði gegn einelti, sem hún hyggst bjóða upp á í öllum grunnskólum landsins sem þurfa á slíkri fræðslu að halda.



hōgl



NÝ
SENDING



hjá
Hrafnhildi

Skoðið hjahrafnhildi.is



Hún er óhrædd við að blanda saman litum og segir diskókúlulúkkjóð alveg ganga upp á vinnustaðnum.

Þær þurftu að brjóta niður múra – ég fór bara í kjólinn

Blaðamaðurinn og skáldkonan Júlía Margrét Einarsdóttir vekur undantekningarlaust athygli fyrir skemmtilegan og öðruvísi klæðaburð hvert sem hún fer og hvar sem hún er.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Júlía er óhrædd við að tjá sig með fallegum mynstrum, skemmtilegum litatönnum og áhugaverðum útgáfum af áferð. Hún segir að fatastillinn sé „alveg frekar extra“ og að hún kunni ekki að gæta hófs. „Ég missi mig til dæmis þegar kemur að glimmeri, litum, blingí, snákamynstri og blúndum. Mjög oft ægir öllu saman og ég er eins og gangandi

diskókúla eða jólatré í stripparahælum og það er kannski bara í vinnunni fyrir hádegi á þriðjudegi,“ segir Júlía og kímir.

Purfti ekki að brjóta múra

Hún segir að sér hafi alltaf þótt gaman að klæða sig upp. „Þegar ég var yngri reyndi ég oft að plata mömmu og pabba á morgnana, að það væri hinn eða þessi hátíðardagurinn, eða að nýr og nýr krakki ætti afmæli svo ég fengi að fara í púffermablúndukjól í leikskólann. Þetta er ekki einhver pressa sem ég hef fundið fyrir sem kona, að þurfa að vera alltaf fin og í háum hælum,

þetta er bara eitthvað sem hefur alltaf fylgt mér. Margir vinir mínir og dragdrottningar til dæmis, hafa talað um að langa til að klæða sig upp frá því þær voru börn og þegar þær segja þessar sögur er ég bara: Ó, já, ég tengi algjörlega! Munurinn á mér og þeim er að þær þurftu margar að brjóta niður múra, ég þurfti bara að fara í kjólinn.“

Verður æst á útsölum

Að sögn hefur hún gaman af því að fara á útsölur og segist vera í sterkri tengingu við sitt miðaldra sjálf, þrátt fyrir að vera ekki eldri en 33 ára. „Ég verð alltaf æst þegar ég sé ógeðslega miðaldra og ósmekklegt dýrafeldsmynstur. Ætli það sé ekki elli kerling að banka upp á? Og það er það sem er svo fint með útsölur. Mig langar oftast mest í það sem flestum finnst allt of mikið, neonlitað og ruglað fyrir sinn smekk svo það endar á útsölu.“

Júlía viðurkennir að hún mætti alveg tóna niður fatagræðgina og verða aðeins umhverfismeðvitaðri. „Mér finnst mjög gaman að fara á útsölur í merkjavörubúðum. Ég er ekki stolt af þessum hégóma og snobbi en það er bara svo geggjað. Ég lýg oft að systurdætrum mínum sem, líkt og unga kynslóðin, eru miklu meira með á nótunum í loftslagsþælingum en ég, og segi þeim að ég hafi keypt nýja kjólinn notaðan. En svo endar það alltaf á því að ég kem bara hreint fram, þær vita alltaf hvenær ég er að ljúga.

Í seinni tíð kaupi ég oftast líka bara aðeins dýrari fót sem endast lengur. Ég hef komist að því að svona „fast fashion“ er alveg rotíð fyrirbæri. Að kaupa bol í draslúð sem eyðileggst eftir einn þvott er eitthvað svo sjúkt á alla vegu.“

Fær A fyrir viðleitni

Þessi litaglaða kona segist þó vera glötuð í saumaskap. „Nei, guð minn goður. Ég er allt of mikill klunni og



Skáldkonunni og blaðamanninum Júlíu Margréti Einarsdóttur þykir fátt skemmtilegra en að klæða sig upp á. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Á döfinni er útgáfa bókar hennar, Guð leitar að Salóme, en hún fékk fráberar viðtökur við síðustu bók sinni, Drottningin á Júpiter.

ópolinmód til að sauma. Ég þoldi ekki saumatíma í grunnskóla því ég var bara ómurleg í þessu. Alltaf að missa lykkjur þegar ég þrjónaði og spólaði bara á saumavélinni og ekkert gerðist. Eða ég flækti þráðinn og saumakennarinn skildi ekkert hvernig ég fór að því.“

Klaufskan kemur þó ekki í veg fyrir að hún geri tilraunir til myndarskaps. „Stærsta gjöfin sem ég hef gefið kærastanum mínum er trefill sem ég þrjónaði sjálf. Hann er allur götöttur og mjökkar og breikkar á víxl, allt of stuttur á hann en það tók þrjú ár að þrjóna hann og þess vegna fæ ég A fyrir viðleitni.“

Nóg að gera

Júlía starfar sem menningarblaðamaður hjá RÚV og er að leggja

lokahönd á aðra skáldsögu sína sem heitir Guð leitar að Salóme og kemur út á næstu mánuðum. „Svo er ég að klára að klippa sjónvarpsþætti sem ég leikstýrði á síðasta ári og heita Norms. Framleiðsluteymið á bak við þættina heitir Lost shoe collective. Þættirnir eru stuttir, svona örsería sem gerist bæði í Berlín og Reykjavík og er í raun samstarfsverkefni íslensks, þýsks og reyndar bresks og kólumbísks kvikmyndagerðafólks. Þetta er alþjóðlegt verkefni sem var styrkt af Erasmus en fjallar um íslenska stelpu sem flytur til Berlinar. Við erum enn að finna út hvar við frumsýnum þá en þetta er fyrst og fremst vefsería í anda Skam, en fyrir eldri áhorfendur. Það er því nóg að gera sem hentar mér mjög vel.“

NÝJAR HAUSTVÖRUR STREYMA INN



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is



GEGGJAÐ MANDARINA DUCK TÖSKUPARTÝ Í BÓEL

1.- 2. OG 3. OKTÓBER

20-40% afsláttur af völdum töskum

Nú er tækifæri að kræja sér í vandaða tösku
frá heimsþekktu ítalska töskufyrirtækinu | MANDARINA DUCK



Leður **MD** bum bag, margir litir



LÉTT **MD** bum bag, margir litir



Frábærlega hönnuð, létt leður skjala
og tölvutaska er nú með
40% afslætti meðan birgðir endast




Létt **MD** hliðartaska, margir litir



Leður **MD** seðlaveski,
margir litir



Létt **MD** hliðartaska, margir litir



ÓÐINGGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boeliland
Opíð miðvikud - föstud 12-18 laugard 12-16
www.boel.is

Kynna línu í stafrænni veröld

Franski tiskuhönnuðurinn Christian Louboutin valdi óvenjulega leið til að kynna vor- og sumarlínu sína fyrir næsta ár á tiskuvíkunni í París. Hægt verður að skoða línuna í stafrænni veröld.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Tiskuhönnuðurinn Christian Louboutin ætlar að beita óhefðbundinni aðferð við að kynna vor- og sumarlínu sína á tiskuvíkunni í París. Línan verður kynnt í stafrænum heimi í snjallsímaforritinu Zepeto. Þar verður hægt að spígspora um í nýju skónum hans á frægum stöðum í París og eiga samskipti við aðra notendur sem eru að gera það sama. Fjallað var um kynninguna á vefnum Footwearnews.

Louboutin ætlar að nota forritið til að kynna vor- og sumarlínu fyrir næsta ár, fyrir bæði karla og konur. Fjölmíðlafólk og útvaldir gestir fá að skoða Loubi World á morgun. Það er stafræn veröld þar sem notendur geta fengið sér ís eða pönnuköku, farið á tónleika með söngkonunni King Princess, átt samskipti við aðra notendur og prófað skóna í nýju línunni.

Nær til yngri kynslóðarinnar

Þetta er harla óvenjuleg leið til að markaðssetja nýja línu, sérstaklega fyrir lúxusmerki eins og Louboutin, en á tímum COVID-



Skór franska tiskuhönnuðarins Christian Louboutin eru vinsæl lúxustiskuvara meðal ríka og fræga fólksins. Hann kaus að kynna línuna fyrir næsta vor og sumar í stafrænni veröld, sem er aðgengileg gegnum snjallforritið Zepeto.

MYND/GETTY

PÚ FÆRD YFIRHÖFNINA HJÁ LAXDAL TRAUST Í 80 ÁR

SKOÐIÐ NETVERSLUN LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

Skipholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is



Í Loubi World er meðal annars hægt að sjá verslunarganginn Galerie Véro-Dodat, þar sem Louboutin opnaði sína fyrstu verslun árið 1991.



Hér er forsmekkur af því sem verður hægt að sjá og upplifa í Loubi World, en þar er meðal annars glansandi Eiffelturm og hringekja.

19 og aukinnar snjallvæðingar á öllum stigum lífsins, gæti þetta verið ein besta leiðin til að ná til Z-kynslóðarinnar, sem sækir afþreyingu og upplýsingar nær eingöngu á stafrænan vettvang.

Zepeto forritið er frá Suður-Kóreu og var sett í loftið árið 2018. Samkvæmt tölum frá Louboutin sem fylgdu kynningu á Loubi World, eru notendur þess yfir 178 milljónir, 600 milljón stafrænar vörur hafa verið seldar í gegnum það og þar hafa orðið til 780 milljón myndir og myndbönd.

Meirihluti notenda eru stelpur og konur á aldrinum 13-24 ára og flestir notendanna eru frá Asíulöndum, Rússlandi og Bandaríkjunum. Nike og North Face eru meðal vörumerkjanna sem eru á Zepeto, en Louboutin er fyrsta lúxusvörumerkið.

Kynning fyrir öðruvísi kúnna

Sjálfur segir Christian Louboutin að lúxusvöruiðnaðurinn sé ekki bara fyrir þá sem hafa efni á að kaupa vörurnar, heldur líka fyrir fólk sem hefur áhuga á tisku og dreymir um hana. Þetta nýja framtak er tilraun til að kynna merkið á öðruvísi hátt fyrir öðruvísi viðskiptavini.

Louboutin segist ekki mjög tæknivæddur og varla fær um að kveikja á sjónvarpinu, en hann tók eftir því hve margir leitdu í tölvuleiki í einangruninni á þessu ári.

Í Zepeto þurfa notendur fyrst að búa sér til persónu og þær hafa allar unglegt og dúkkulegt útlit, en kyn er ekki atriði og það eru engar takmarkanir á stíl, svo allir notendur geta verið í hverju sem þeir vilja. Notendur geta svo búið til prófíla sem svipar til Insta-



Stafrænar útgáfur af Christian Louboutin, King Princess og Quincy Brown. MYND/CHRISTIANLOUBOUTIN



Loubi World verður aðgengilegt í suðurkóreska snjallforritinu Zepeto.

gram, sent hver öðrum skilaboð, eða tekið þátt í stafrænum samkomum þar sem allt að 25 þúsund manns geta komið saman í einu.

Í Loubi World er hægt að sjá nokkra af uppáhaldsstöðum hönnuðarins í París. Þar eru Eiffelturminn, útikaffihús, hringekja og Galerie Véro-Dodat, 200 ára gamli verslunargangurinn þar sem Louboutin opnaði sína fyrstu verslun árið 1991, sem og eftirlíking af flaggskipsverslun Louboutin við Rue Saint Honoré.

Þeir sem vilja ekki taka þátt eða spila geta líka horft á myndband sem sýnir Loubi World.

GUERLAIN

PARIS

ABEILLE ROYALE

HÚÐVIÐGERÐ SEM SAMEINAR VÍSINDI
OG MÁTT BÝFLUGUNNAR

1. STYRKIR 2. PÉTTIR 3. ENDURMÓTAR

NÝTT
LOTION

KLÍNÍSKT SANNÆÐUR
ÁVINNINGUR RÚTÍNUNNAR¹

+28% SLÉTTARI HÚÐ
+42% AUKINN LJÓMI
+30% LYFTING



10 YEARS OF
BEAUTIFUL REPAIR

MÁTTUR SVÖRTU BÝFLUGUNNAR FRÁ OUESSANT OG ÖFLUGT KONUNGSHLAUP
SAMEINAST Í ÞRIGGJA SKREFA VIÐGERÐARRÚTÍNU

1. STYRKUR með nýja Abeille Royal Lotion. 25 sinnum öflugra konungshlaup² þökk sé örhljúpun, sem styrkir varnir húðarinnar.
2. PÉTTLEIKI með Youth Watery Oil. Nærandi eins og olía en létt eins og vatn. 100% kvenna³ eru sammála um að Youth Watery oil þétti húðina samstundis og veiti henni fyllingu.
3. ENDURMÓTUN með Double R Renew & Repair Serum. Á aðeins 7 dögum er húðin sýnilega endurmótuð og endurnýjuð⁴ þökk sé tvöfaldri virkni Double R Serum sem sameinar endurnýjun og lyftingu.

(1) Lotion, Oil and Serum used together, clinical assessment by a dermatologist, 33 women, twice-daily application for 1 month. (2) Compared to Honey Nectar Lotion launched in 2016. (3) Satisfaction test, 60 women, from the 1st application, China. (4) Satisfaction test, 60 women, China, 2 applications/day, 7 days.

20% AFSLÁTTUR AF GUERLAIN VÖRUM
Í LYFJUM OG HEILSU KRINGLUNNI 1. - 4. OKTÓBER.

**Glæsilegur
kaupauki fylgir**
þegar keyptar eru vörur
fyrir 8.900 kr. eða meira.

 **Lyf & heilsa**
Kringlunni

www.lyfoghelsa.is

Draumkennd og seiðandi

Stevie Nicks er ein áhrifamesta tónlistarkona og tiskufyrirmynd allra tíma. Nicks er sveipuð dulúð, bæði í textagerð og klæðaburði, og hefur henni jafnvel verið lýst sem eins konar galdrakonu.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is



Stevie Nicks er fædd 26. maí árið 1948 í Phoenix. Hún hafði mikinn áhuga á ævintýrum þegar hún var barn og var ekki nema fjögurra ára þegar hún byrjaði að syngja dúetta ásamt afa sínum, sem var tónlistarmaður. Þegar hún var sextán ára fékk hún gítar í afmælisgjöf og samdi í kjölfarið sitt fyrsta lag sem bar heitið „I've loved and I've lost, and I'm sad but not blue“.

Upphaf ódauðleika

Árið 1967 var Nicks stödd í gleðskap þar sem ungur maður að nafni Lindsey Buckingham sat og spilaði og söng lagið „California Dreamin'“. Nicks gekk upp að honum, hóf upp raust sína og tóku þau lagið saman. Þau kynntu sig síðan hvort fyrir öðru en Nicks sagði tvö ár hafa liðið frá þessum fundi og þar til þau hittust á nýjan leik. Það var þá sem Buckingham bauð Nicks að ganga til liðs við hljómsveitina sína, Fritz, og áttu þau meðal annars eftir að hita upp fyrir Jimi Hendrix og Janis Joplin. Nicks sagði síðar að það hefðu alltaf verið straumar á milli hennar og Buckingham, en að hinir meðlimir sveitarinnar hefðu verið hikandi í garð hennar og ekki tekið hana alvarlega.

Hljómsveitin lagði upp laupana 1971 og Nicks og Buckingham héldu sína leið sem dúó og urðu bráðlega elskendur. Þau gáfu út plötuna Buckingham Nicks árið 1973 en framan á plötuumslaginu var svarthvít mynd af þeim berum að ofan. Tveimur árum síðar gengu þau til liðs við hljómsveitina Fleetwood Mac sem hafði þá notið töluverðra vinsælda í Bretlandi, en með komu Nicks og Buckingham varð hljómsveitin enn vinsælli.

Það gekk þó á ýmsu á bak við tjöldin en árið 1976 slitnaði upp úr sambandi Nicks og Buckingham auk þess sem hljómborðsleikari sveitarinnar Christine Perfect og bassaleikarinn John McVie ákváðu að skilja eftir átta ára hjónaband. Þá skildi Mick Fleetwood, trommuleikari hljómsveitarinnar einnig við sína konu um svipað leyti. Þrátt fyrir sambandsslit,



Svartklædd og seiðmögnuð Nicks á tónleikum í október árið 1977.
MYNDIR/GETTY



Stevie Nicks er engri lík, hvorki í framkomu, tjáningu né útliti.



Í hvítum síðkjól og svörtum, aðsniðnum jakka á tónleikum.



Í hvítum kjól við piano ásamt dálítið hrollvekjandi dúkku árið 1981.



Þykkt og frjálstlegt hár Stevie Nicks er ekki síður eftirtektarvert.



Á tónleikum árið 1977, sama ár og Rumours kom út.



Nicks klæðist gjarnan flaeli eins og sjá má hér.

» Eitt af einkennismerkjum hennar eru sjöl af ýmsu tagi, mörg hver með kögri, blúndur, hattar, þykkir hælur og efni á borð við flael.

samskiptaerfiðleika og mikla áfengis- og fíkniefnaneyslu innan sveitarinnar, héldu þau ótrauð áfram og gáfu út plötuna og meistaraverkað Rumours í byrjun árs 1977. Sveitin hefur gefið út alls 18 hljómplötur yfir feril sinn og árið 1981 gaf Nicks út sína fyrstu sólóplötu af átta talsins.

Eitt af einkennum Nicks er ráms og seiðandi rödd sem á engan sinn líka. Þá er hún einnig þekkt fyrir einkennandi fatastil en hún klæðist gjarnan síðum kjólum, oft þröngum um bringu og mitti, jafnvel í anda lífstykkja (e. corset) en flæðandi að neðan. Eitt af hennar einkennismerkjum eru sjöl af ýmsu tagi, mörg hver með kögri, blúndur, hattar, þykkir hælur og efni á borð við flael. Andrúmsloft áttunda áratugarins endurspeglast í klæðaburði hennar en einnig má greina gotnesk áhrif. Hér eru nokkrar myndir af þessari stórmerkilegu konu.

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Veglegt sérblað um jólagjafir til starfsmanna og viðskiptavina fyrirtækja kemur út 9. október nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í mest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir

Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



Raquelita Aguilar, framkvæmdastjóri Stokks, segir þau hjá fyrirtækinu fylgjast vel með nýjustu tækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Haltu fast í hugmyndina og Stokkur sér um útfærsluna

Stokkur Software sérhæfir sig í hönnun og þróun á öppum og vefsíðum. Frá árinu 2007 hefur fyrirtækið búið til fjölda vinsælla appa eins og Strætó, Alfreð, Dominos, Lottó, Einkaklúbbinn, Aur og fleiri. Starfsfólk Stokks er alltaf á tánum og fylgist vel með öllum nýjungum í bransanum.

Stokkur var eitt af fyrstu fyrirtækjunum á Íslandi til að búa til öpp, en fyrsta verkefnið var að þróa og forrita Leggja-appið.

Raquelita Aguilar, framkvæmdastjóri Stokks, segir að fyrirtækið hafi búið til öpp fyrir mörg ólík fyrirtæki og það fari algjörlega eftir þjónustu fyrirtækjanna hvort gott sé að vera með app og hvaða möguleika appið þurfi að bjóða upp á.

„Með appi er hægt að ná til notenda á persónulegri hátt en með vefsíðu. Það er til dæmis ekki hægt að senda tilkynningu beint í síma notenda frá vefsíðu, en það er hægt með gera í gegnum app. Þannig er til dæmis hægt að nota appið í markaðssetningu. Domino's hefur til dæmis notað appið til að senda tilkynningar á notendur þegar Megavika er í gangi, eða þriðjudagstilboð,“ útskýrir Raquelita.

Hún segir að í vissum tilfellum sé jafnvel betra fyrir fyrirtæki að hafa app frekar en vefsíðu, en þau hjá Stokki hjálpa fyrirtækjum að taka slíkar ákvarðanir.

„Til dæmis ef hlutirnir eiga að gerast hratt, ef þú ætlar að sækja um starf, panta pitsu eða kaupa

lottómíða, þá viltu geta gert það á ferðinni. Þú vilt ekki þurfa að fara í tölvuna eða opna vafra í símanum þínum til að fara inn á vefsíðuna. Í slíkum tilfellum er betra að hafa app.“

Stokkur hefur hannað og þróað mörg af vinsælustu öppum á Íslandi eins og Strætó-appið, Dominos, Lottó, Aur og Einkaklúbbi-appið. Einnig bjó Stokkur til Alfreðs-appið á eigin vegum, sem er nú komið í sjálfstæðan rekstur.

„Það er stanslaus þróun þegar kemur að tækni og hugbúnaði. Tæknilega séð erum við að gera aðra hluti í dag en við vorum að gera fyrir tveimur til þremur árum. Mður þarf alltaf að vera á tánum og fylgjast með nýjungum í tækniþróun. Það er í raun okkar hlutverk að upplýsa viðskiptavinum þegar einhverju er ábótavant hvað varðar tæknina,“ segir Raquelita.

Hún segir að þau hjá Stokki fylgist vel með þróuninni hjá Apple og Google en núna notast þau aðallega við nýtt forritunarmál frá Google sem kallast Flutter.

„Þetta er forritunarmál sem er einn kóðabasi sem spýtist út á bæði Android og iOS. Aður

vorum við með tvo forritara og tvo kóðabasa, einn sem forritaði fyrir Android og annan sem forritaði fyrir iOS. Eftir að við förum að nota Flutter er hægt að hafa bara einn forritara sem forritar fyrir bæði stýrikerfin. Þannig getum við dregið úr kostnaði fyrir viðskiptavinum. Það er auðveldara að gera prófanir, bæta við nýrri virkni og viðhalda appinu, ef forritað er á þennan hátt. Við erum alltaf að leita að slíkum lausnum og höfum prófað ýmislegt í gegnum tíðina, eins og Xamarin og React Native, en Flutter stendur upp úr og höfum við sérhæft okkur þar síðustu 2-3 árin. Í dag erum við til dæmis með minna teymi en við vorum með fyrir tveimur árum en á móti fleiri verkefni.“

Nokkurra mánaða vinna á einni viku sem skilar árangri

Raquelita segir að það sé alltaf nóg af verkefnum hjá Stokki. Í kjölfar COVID séu að koma öðruvísi fyrirspurnir en áður, þar sem fólk er farið að átta sig á því að það þarf að geta gert fleiri hluti í fjarlægð frá öðrum í gegnum app eða vefsíðu. Hún segir það fara eftir

„Við erum á þessum stutta tíma búin að klára nánast alla undirbúningsvinnuna sem oft tekur margar vikur eða mánuði.“

umfangi hvað það taki langan tíma frá því fyrirtæki óskar eftir appi og þar til það er tilbúið.

„Við leggjum alltaf til að fólk taki Hönnunarsprett með okkur, eða útfærslu af Hönnunarspretti. Þetta er vikuspættur og förum við í rauninni í gegnum þriggja til fimm mánaða vinnu á einni viku. Við þarfagreinum og forgangsröðum svo það verði færri óvissuþættir og betri skilningur á milli allra. Með Hönnunarspretti höfum við náð að láta hugmynd verða að veruleika eftir aðeins nokkra mánuði.“

Hönnunarsprettur fer þannig fram að fyrstu tvo dagana er Stokkur í hugmyndavinnu með viðskiptavininum. Síðan er gerð þarfagreining á því sem þarf að vera í appinu/vefsíðunni og for-

gangsraðað. Að því búnu eru drög að hönnun gerð, það er frumgerð, og prófanir gerðar á henni og lagfæringar ef tími gefst til. Allt er þetta gert á einni viku.

„Á síðasta degi erum við með kynningu fyrir viðskiptavininn og förum yfir helstu niðurstöður. Eftir þennan sprett er fyrirtækið komið með pakka sem inniheldur þarfagreiningu, forgangsröðun, notendasögur, skýringamyndir, skjámyndir, og jafnvel kostnaðar- og tímaáætlun, svo eitthvað sé nefnt. Viðskiptavinurinn getur nýtt þennan pakka til þess að sækja fjármagn eða sannfæra sína stjórn ef þess þarf. Við erum á þessum stutta tíma búin að klára nánast alla undirbúningsvinnu sem oft tekur margar vikur eða mánuði,“ útskýrir Raquelita.

Hún segir mjög verðmætt fyrir viðskiptavininn að vera kominn með frumgerð sem búið er að gera prófanir á og vera kominn með endurgjöf frá hugsanlegum notendum appsins.

„Við tökum stjórn á þessu og viðskiptavinurinn þarf ekki að spá í neinu. Hann þarf bara að koma með opinn huga og við sjáum um rest.“



Bad Bunny í nýju Crocs-skónum.

Crocs-skór ársins

Sérstök útgáfa af Crocs-plast-skóm, unnin í samstarfi við latínó poppstjörnuna Bad Bunny, fór í sölu í fyrradag og seldist upp á aðeins sextán mínútum. Þeir eru hvítir, með sjálflysandi útgáfu af Bad Bunny-lógóinu og var beðið með mikilli eftirvæntingu, enda hver vill ekki klæðast eins skóm og stjörnurnar? Crocs hefur áður gert skó í samstarfi við Grateful Dead og Post Malone, sem seldust upp á innan við klukkustund, og samstarf þeirra við KFC var á líka vinsælt.

Crocs eru sannarlega skór ársins og hefur salan rokið upp um 48 prósent á meðan sala á skótaui vestanhafs hefur dvínað um 20 prósent það sem af er ári, miðað við sama tíma í fyrra. Velgengnin skrifast líka á heimsfaraldurinn, þar sem allt sem er þægilegt selst eins og heitar lummur.

Bad Bunny er frá Púertó Ríkó og er fjórða platan hans, YHLQMDLG, söluhæsta spænsku-mælandi plata allra tíma, samkvæmt Billboard. Hann hefur vakið athygli fyrir flottan stíl, sem er blanda af karabískri pabbatísku og vel hannaðri götu-tísku. Forstjóri Crocs segir Bad Bunny vera holdgerving þess að koma til dyranna eins og maður er klæddur, nokkuð sem Crocs stendur einnig fyrir. Bad Bunny gjörsamlega elskar Crocs og hefur sést í slíkum skófatnaði á tónleikum og í myndböndum, en uppáhalds Crocs-litirnir hans eru gulur og grænn.



Andlitsgrima með yfirlýsingu.

Andlitsgrímur með yfirlýsingar

Það er vinsælt á þessum tímum, þegar fólk víða um heim þarf að bera andlitsgrímur á almannafæri, að nota grímurnar til að koma einhvers konar skilaboðum á framfæri. Oft stuðningi við málstað eins og til dæmis stjórnmalaflokk eða mótmæli. Í Bandaríkjunum hafa margir borið grímur með áletruninni „Black lives matter“ til að styðja baráttu þeldökkra þar í landi gegn lögregluofbeldi. Þekkt fólk hefur líka borið grímu með svipaðri áletrun til að sýna stuðning við baráttuna.

Þægilegt og flott næsta sumar

Tískuhönnuðir reyna nú allt hvað þeir geta til að koma nýjustu hönnun sinni á framfæri. Maria Grazia Chiuri, hönnuður hjá Dior, notar samfélagsmiðla og heimasíðu Dior til að koma vor- og sumartískunni 2021 til skila. COVID-19 hefur áhrif á stílinn, sem byggist upp á þægindafatnaði en sóttkví og mikil heimadvöl breytir hugs-

unum fólks um hvað sé notalegt í breyttu tískulandslagi, sem gæti skapað nýjan lífsstíl meðal fólks. Sumartískan á næsta ári ber vott um þennan breytta anda.

Auk þess að sýna vídeó á Instagram og fleiri samfélagsmiðlum, var sett upp svið með tjaldi sem skapaði ákveðna fjarlægð frá þeim fáu áhorfendum sem fengu að fylgjast með. Tískan sem sýnd

var er óvenjufrjálsgleg miðað við Dior, efnin létt og mynstruð. Fötin voru víð og laus frá líkamanum, en höfðu engu að síður ákveðinn ljóma yfir sér. Það mætti kannski segja að hönnuðurinn hafi litið til baka til hippaáranna í leit sinni að hugmyndum.

Hægt er að skoða sýningu Dior fyrir vor- og sumartískuna inni á Instagram og Dior.com



Vor- og sumartískan er frjálsgleg.



Smáralind



30%
AF VÖLDUM VÖRUM

Tilboð gildir til 6. október

Levi's Smáralind

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Upplýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja



- » Jarðvinna
- » Drenlagnir
- » Hellulagnir
- » Þökulagnir

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

Málara

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

REGNBOGALITIR EHF.

Alhliða málningarátt. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafi., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Húsviðhald



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málingarvinna

Þjónustum einstaklinga,
fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

FRÆSUN FYRIR GÓLFHITA OG FL.

Fræsun- rör- flotun

Kjarnaborun - Steypusögun - steinslípun - brot/rif

Tímavinna eða tilboð.

Upplýsingar á steinbrot@steinbrot.is eða í síma: 777-2242

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



FLÍSALAGNIR OG ÖLL ALMENN MÚRVINNA

ÁRATUGA REYNSLA OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ.

S. 866 3300

FLISALINA@FLISALINA.IS

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málnun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Spádómar

Nympha-dora

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBÝGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðaróli. Indus ehf. Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu 3. herb.íbúð í Grafarvogi laus 1. okt. leiga 215000 2. mánaða trygging reyklaus dýrahald ekki leyft uppl. sendist á habbyhalldots@gmail.com

Til leigu 2ja herb. útsýnisíbúð m/innbúi. á sv. 105 Leiga 245þús. per/mán hiti og raf. innifalið. Trygging 2 mán. Uppl. í s. 893 3475

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Einkamál



Finndu félagsskap fyrir framtíðina. 30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is



Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum


ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ER BÍLSÆTID RIFID ?



Bílsætaviðgerðir-, mótörhjóla og snjósleðasæti. Húsbítlaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu. Skoðið video af vinnslu á www.hsbolstrun.is

Formbólstrun

Hamraborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

LOK Á HEITA POTTA



Framleiðum einangrunarlok og yfirbreiðslur á allar tegundir potta.

Metum ástand og gerum við.

www.fjardarbolstrun.is

Fjardarbolstrun S. 561 4188 • 840 0339 • fjardarbolstrun@gmail.com

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bástal á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppl; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

Ferðaþjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

ishúsið

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARFT ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

Fylgstu með á á Hringbraut

Kynntu þér alla dagskrána á hringbraut.is



21
frétta- og umræðuþáttur með áherslu á pólitík, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.



Bærinn minn
Þáttaröð um þá töfra sem bæjarfélögin á Íslandi hafa upp á að bjóða.



Helgarviðtalið
Björk Eidsdóttir, ritstjóri helgarblaðs Fréttablaðsins, fer dýpra í efnistösk blaðsins.



Bílalíf
Fjórlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.



Undir yfirborðið
Varpar ljósi á allt það sérstæða í lífinu sem stundum er falið og fordæmt.



Mannamál
Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi, opinskár og hispurslaus.



Suðurnesjamagasín
Skoðar mannlíf, atvinnulíf og íþróttirnar suður með sjó.



Fasteignir og heimili
Upplýsandi og fróðlegur þáttur um fasteignir, heimili og húsráð af öllu tagi.

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA



HRINGBRAUT

Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru
okkar besta auglýsing



lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is

FAST
Ráðningar


www.fastradningar.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í
Atvinnublaðinu nær þitt
fyrirtæki til **89%** lesenda
dagblaða* á höfuð-
borgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. – jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.

EXTRA ÓDÝRT



KEA
SKYR - 200 G
3 TEG
199
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 259 KR/STK
995 KR/KG



MÖNDLU-
KAKA
420 G
469
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 999 KR/STK
1117 KR/KG



TOPPUR
2L - 2 TEG
139
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 199 KR/STK
70 KR/L



GÓA FLORIDA
BITAR - 200 G
209
KR/PK
VERÐ ÁÐUR 399 KR/PK
1045 KR/KG



PÅGEN
HÖNÖ BRAUÐ
750 G
359
KR/STK
VERÐ ÁÐUR 699 KR/STK
479 KR/KG



VÍNBER
RAUÐ
949
KR/KG
VERÐ ÁÐUR 1599 KR/KG



SISTEMA
NESTISBOX
6 STK Í PAKKA
4699
KR/PK



APOLLO
ENERGY GUM
349
KR/PK
VERÐ ÁÐUR 599 KR/PK
9971 KR/KG



DAMHUS
CORNDOG
10X75 G
3299
KR/PK
4399 KR/KG



EXTRA

Kemur með Costco til þín...

Barónsstíg 4, 101 Reykjavík • Mýrarvegi, 600 Akureyri
Hafnargata 51-55, 230 Reykjanesbæ



Dvöl Edens Hazard hjá Real Madrid er að breytast í martröð. MYND/GETTY

Hazard enn á ný meiddur

FÓTBOLTI Real Madrid tilkynnti að Belginn Eden Hazard væri kominn á ný á sjúkralistann og myndi missa af næstu leikjum félagsins. Hazard kom frá Chelsea í fyrra, en hefur verið mikið meiddur síðan hann krotaði undir.

Hann hefur fjórum sinnum meiddst alvarlega síðan hann kom til Madríd, en þar áður hafði hann aðeins meiddst 15 sinnum síðan hann gerðist atvinnumaður. Hann hefur spilað 687 leiki fyrir land og lið en misst af aðeins 66 leikjum vegna meiðsla. Alls hafa 32 af þessum leikjum verið leiknir síðan hann gekk í raðir Real Madrid. Hann hefur skorð að eitt mark fyrir félagið. – bb



Hannes S. Jónsson, formaður KÍ, og félagar hans þurfa að endurraða mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fresta leikjum Keflvíkinga

KÖRFUBOLTI Mótanefnd KÍ hefur frestað leik Þórs Ak. og Keflavíkur í Domino's deild karla sem fyrirhugaður var á morgun. Á heimasíðu KÍ kemur fram að þrír leikmenn Keflavíkur séu í sóttkví fram yfir settan leiktíma.

Mótanefnd KÍ frestaði einnig leik Keflavíkur og Snæfells í Domino's deild kvenna sem fyrirhugaður var á laugardaginn, því leikmannaþópur Keflavíkur er í sóttkví. Ekki hefur verið tekin frekari ákvörðun um næstu leiki Keflavíkur.

Deildin fer af stað í kvöld með fjórum leikjum. Nýliðar Hattar taka á móti Grindavík á Egilsstöðum, Tindastöll og ÍR mætast í Síkinu, Haukar heimsækja Þór í Þorlákshöfn og í Vesturbænum eigast við heimamenn í KR og Njarðvík. – bb

Allir Færeyingar halda með Klaksvík í rúmar 90 mínútur

Klaksvík er einum leik frá því að komast í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar, en vinni liðið Dundalk er færeyskt lið komið á þann stað sem íslensk lið hefur dreymt um í fjölmörg ár. Gunnar Nielsen, markvörður FH og færeyska landsliðsins, segir að vinni liðið muni það hjálpa fótboltnum heima fyrir.

FÓTBOLTI Gunnar Nielsen, markvörður FH og færeyska landsliðsins, segir ævintýri KI Klaksvíkur vera skemmtilegt áhorfs, jafnvel fyrir sig sem grjótharðan HB-stuðningsmann. Klaksvíkurliðið mætir í dag liði Dundalk, í einvígi um hvort liðið komist í riðlakeppni Evrópu-deildarinnar. Íslensk félagslíð hafa lengi átt þann draum að komast í þá stöðu sem Klaksvík er í, en Evrópuúrslit undanfarnin ár benda til að íslenskur fótballi standi þeim færeyska langt að baki. Í frétt Elvars Geirs Magnússonar, ritstjóra fótballa.net, er sagt að augu heimsins beinist að Klaksvík í Færeyjum.

Færeyskur fótballi er að gera eitthvað betur en sá íslenski, því fyrir utan velgengni Klaksvíkur vann B36 þrjú leiki í Evrópukeppninni áður það féll út fyrir CSKA frá Sofíu. Í síðasta landsliðsglugga hrósuðu Gunnar og félagar sigri í báðum leikjum sínum. Trúlega langar engan að rifja upp hörmungarnar sem íslensku félagin buðu upp á að þessu sinni í Evrópukeppninni, en gengi íslenskra liða hefur verið svo slæmt að undanförunu að UEFA mun taka eitt Evrópusæti af deildinni 2022.

„Ég er auðvitað HB-maður en ef þeir fara áfram yrði það frábært fyrir færeyskan fótballa. Ég held að allir Færeyingar vonist eftir að Klaksvík komist áfram,“ segir Gunnar, en hann mun missa af leiknum þar sem lið hans FH mætir Stjórnnunni í kvöld.

Gunnar segir að umræðan hafi verið lík í Færeyjum og hér. Hvernig geti lið þaðan komist í riðlakeppnina. „Að sjálfsögðu þarf maður heppni og allt það, en þetta er risastórt tækifæri fyrir Klaksvík því þetta er bara einn leikur. Venjulega eru þetta alltaf tveir leikir en núna eru þetta bara 90 mínútur. Ég vona auðvitað að þeir komist áfram, ekki spurning.“

Hann segir að árangurinn sé eftirtektarverður og að hans viti hafi ekki orðið nein stefnubreyting hjá færeyska knattspyrnusambandinu til að draumurinn gæti orðið að veruleika. „Það er margt í þessu. Það er kominn aðeins meiri peningur í færeyskan fótballa og Klaksvík er með mjög gott lið. Þeir eru með halfsenterapar sem er í landsliðinu



Leikmenn Klaksvíkur eru á Írlandi þar sem þeir undirbúa sig fyrir stærsta leik í sögu færeyska fótballans. Liðið hefur unnið tvo leiki á Evrópuferðalaginu, meðal annars 6-1 við Dinamo Tbilísi. Hér eru leikmenn í Sviss. MYND/EPA



Mikkjal Thomassen tók við Klaksvíkurliðinu fyrir fimm árum.

og eru með góðan hóp, góða útlendinga, sem hafa styrkt liðið mikið og svo er þetta heppni líka. Það er bara einn leikur, sem skiptir miklu máli. Það er erfitt að benda á eitthvað eitt atriði sem útskýrir þessa velgengni, heldur er þetta blanda af mörgum hlutum.“

Allir knattspyrnuvællir í Færeyjum eru á gervigrasi. Það er passað upp á að þeir séu opnir, þannig að krakkar mega vera á vellinum að



Gunnar, markvörður FH, nær ekki leiknum í kvöld gegn Dundalk.

leika sér og hjá þeim eru boltar sem börn mega nota. Þreföld umferð er í Færeyjum og peningarnir og aðstaðan er alltaf að verða meiri og betri. Svona mætti áfram telja.

„Einu sinni var talað um að of margir leikmenn væru að spila erlendis, sem væri ekki gott fyrir landsliðið. Svo komu margir heim og þá var það líka slæmt. Í ár er ekki bara Klaksvík að standa sig vel því B36 stóð sig líka vel. NSÍ fór líka

Evrópuúrslit Færeyinga

B-36 vann St. Josephs frá Gibraltari 1-2 á útivelli, áður það vann Levadia frá Eistlandi á heimavelli 4-3. Um miðjan mánuðinn unnu þeir TNS frá Wales í vitaspyrnukeppni áður liðið datt út fyrir CSKA frá Sofíu.

NSÍ vann stórsigur 5-1 gegn Barry frá Wales áður það tapaði gegn Aberdeen frá Skotlandi.

áfram. Við erum bara 50 þúsund en það er allt í kringum fótballann orðið betra að undanförunu.“

Vinni Klaksvík og komist í riðlakeppnina er hætt við að liðið verði enn sigursæla heima við. Liðið hefur unnið 18 titla og tók titilinn af Heimi Guðjónssyni og liði Gunnars, HB, í fyrra. Þá hefur félagið lyft bikarnum sex sinnum. „Það er samt þannig að ef Klaksvík fær alla þessa peninga og styrkir sig þá þurfa hin liðin líka að stækka og stiga upp. Elta þá, þannig að allur færeyski fótballinn styrkist. Ég horfi á þetta þannig.“ benediktboas@frettabladid.is

Styttist í viðbótargagn um þjóðarleikvang

FÓTBOLTI „Það er verið að leggja lokahönd á skýrslu og kynningu á henni og þá verðum við með viðbótargagn við þá miklu rýnivinnu sem hefur farið fram. Þá þarf að fara yfir málin með stjórnvöldum og átta sig á stöðunni,“ segir Guðni Bergsson, formaður KSÍ, aðspurður hvað sé að fréttu ef nýjum Laugaraldsvelli.

Guðmundur Kristján Jónsson, skipulagsfræðingur og einn af þeim sem gerðu eina af fyrstu skýrslunum um nýjan Laugaraldsvöll, skrifaði grein fyrir skömmu þar sem hann hafði heyrt orðróm um að fyrirbyggjandi vinnu og greiningum hefði verið sópað út af borðinu og

verkefnið endurræst. „Ferli á borð við þetta er kunnuglegt í opinberri stjórnsýslu og ekki annars að vænta en að ný skýrsla líti brátt dagsins ljós,“ skrifaði hann í pistli sínum sem birtist á Vísí.

Guðni segist hafa þá trú, og vera búinn að hafa síðan hann steig fyrst inn á skrifstofu KSÍ, að nýr völlum muni rísa. Hann sé jú orðinn um 60 ára gamall, byggður 1957 og þörfin sé mikil. „Á endanum verður tekin ákvörðun um að endurbyggja Laugaraldsvöll, en það er trúlega ekki að fara gerast á morgun eða hinn. En það er mín staðfasta trú að við getum boðið upp á nýjan völlum fyrir en síðar,“ segir formaðurinn. – bb



Hitalagnir voru settar í völlum í ágúst með töluverðu jarðraski, skömmu fyrir landsleikina gegn Svíum og Englendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR

Fjórar sviðsmyndir

Fjórar sviðsmyndir koma til greina við endurnýjun Laugaraldsvallar. Að aðstaða verði að mestu leyti óbreytt eða með lágmarksbreytingum og lagfæringum. Að farið verði í viðbætur og framkvæmdir á núverandi aðstöðu til að uppfylla alþjóðlega staðla. Að byggður verði opinn knattspyrnuvöllur með allt að 17.500 sætum, eða fjölnotaleikvangur með opnanlegu þaki með allt að 20.000 sæti.



Buick Electra er allsendis ólíkur Electra-bíl fyrri aldar og stútfullur af tækninýjungum.

Buick Electra kemur aftur sem rafdrifinn jepplingur

Njáll
Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Buick ætlar að kynna rafdrifna bíla sína á næstu mánuðum og fyrsta skrefið í því er frumsýning nýs tilraunabils sem mun endurvekja Electra-nafnið.

Buick ætlar að endurvekja Electra-nafnið, enda áætlar merkið að setja nokkra rafbíla á markað á næstunni. Electra-nafnið var notað á árunum 1959-1990, en að þessu sinni verður það notað á rafdrifinn tilraunabíl sem nýlega var frumsýndur. Við fyrstu sýn líkist nýi billinn Enspire-tilraunabílnum frá 2018 en þó með sportlegra yfirbragði.

Billinn var hannaður af hönnunarstúdíói í Sjanghæ og er nokkurs konar blanda jeppings og fólkabils með lágrí og sportlegri þaklinu. Þótt hér sé ekki um kynningu á framleiðslubíl að ræða er þetta for-sýning á því útliti sem rafdrifnir bílar Buick munu miða sig við.

Heitir hönnunin Potential Energy og byggir á hönnun geimhyllkis með glerkúpli sínum. Mjó dióðuljós að framan eru með þrívíddarhönnun og Buick-merkið er með baklýsingu. Annar hátækniþúnaður í Buick Electra er hugbúnaður sem getur uppfært sig yfir netið, en einnig getur billinn átt samskipti við



Sveigður skjár og ferkantað stýri sem dregst inn í innréttinguna, tekur á móti ökumanni Electra-tilraunabilsins, ásamt viðmóti með gervigreind.

» **Electra er búinn Ultium-rafhjóðunni frá GM sem gefur honum allt að 660 kílómetra drægi að sögn hönnuða Buick.**

umhverfi sitt, eins og að greina hvað aðrir bílar í kring ætlast fyrir. Fleiri útgáfur slíkrar gervigreindar eru í bílnum, eins og raddstýribúnaður sem lærir á notandann.

Hurðirnar á tilraunabílnum eru

vængjahurðir og innandyrar eru allar tækninýjungar sem hægt er að bjóða í dag. Bogadreginn upplýsingaskjár og ferkantað stýri sem dregst inn í mælaborðið þegar það er ekki í notkun eru meðal þess sem nefna má þar. Billinn er búinn Ultium-rafhjóðum sem gefur um það bil 660 kílómetra drægi að sögn Buick. Rafmótorarnir eru tveir og skila samtals 583 hestöflum, sem duga til að koma þessum sportjeppingi í hundraðið á aðeins 4,3 sekúndum. Að sögn Buick eru tveir rafdrifnir bílar í kortunum eins og er og er annar þeirra „agressivur“ sportjeppi sem Electra-tilraunabíllinn gæti vel verið forsmekkurinn af.

Honda e tilraunajepplingurinn

Honda hefur látið frá sér myndir af fyrsta rafdrifna jeppingi sínum sem frumsýndur verður í tilraunautgáfu á Bílasýningunni í Peking eftir nokkra daga. Honda hafði áður sagt að Honda e smábílnum yrði fylgt eftir með jeppingi, sem virðist vera raunin. Billinn er reyndar mjög ólíkur Honda e smábílnum, sem byggði á útliti Honda Civic frá áttunda áratugnum. Þessi bíll er með löngu húddi og hvössum dióðuljósum, meira í stíl við nýlegri Honda-bíla. Tilraunabíllinn virðist líka vera aðeins þriggja dyra og eru hliðarhurðirnar stórar. Líklegur er þó að framleiðsluútgáfa verði fimm dyra með svipaðri útfærslu á afturhurðum og Honda e smábíllinn.

Engar tækniupplýsingar komu frá Honda með þessum myndum en samkvæmt vefmiðlinum Auto-Express verður billinn með sama 152 hestafla rafmótor fyrir aftur-



Honda e rafjepplingurinn er líklegur til að fara von bráðar í framleiðslu en hvort hann verður eins og tilraunabíllinn er ekki vitað enn.

drifið og Honda e. Hvort hann fái einnig framdrif er óvíst, en þar sem billinn er stærrí mun hann þurfa stærrí rafhlöðu til að fá sama eða meira drægi en Honda e, sem helst hefur verið gagnrýndur fyrir lítið drægi. Svipað mælaborð eins og í Honda e er mjög líklegt, með

tveimur 12,3 tommu skjáum og skjám fyrir myndavélar sem koma í staðinn fyrir hliðarspegla. Loks hefur Honda sagt að jepplingurinn muni hafa 360 gráðu aðstodarkerfi sem verður með gervigreind, sem bendir til þess að nýi billinn verði að einhverju leyti sjálfkeyrandi.

ILVA

Afmæli

1. - 5. OKTÓBER

25%

AF ÖLLUM VÖRUM*

*20% afsláttur af sérpöntunum. Gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði



Frí heimsending

Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
FYRIR ÞÁ SEM VERSLA FYRIR
5.000 EÐA MEIRA
GILDIR Í VEFVERSLUN
WWW.ILVA.IS

Afmælisgjöf

GEFUM 12 X 10.000 GJAFAKORT

Taktu þátt með því að versla í vefverslun ILVA. Drögum út 12 heppna viðskiptavini þriðjudaginn 6. október



ILVA Korputorgi, s: 522 4500 - www.ILVA.is
mánudaga - sunnudaga 12-18

TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1862 Barnaskóli tekur til starfa í Reykjavík. Þar eru fimm-tíu börn í tveimur bekkjum.

1874 Kvinnaskólinn í Reykjavík tekur til starfa undir stjórn Þóru Melsteð.

1880 Fyrsti gagnfræðaskóli á Íslandi tekur til starfa á Möðruvöllum í Hörgárdal.

1933 Ásta Magnúsdóttir verður fyrst kvenna til að gegna opinberu embætti á Íslandi, er hún er skipuð ríkisfóhjúfari.

1979 Lögræðisaldur er lækkaður úr 20 árum í 18 ár.

1981 Ökumenn og farþegar í framsæti bifreiða eru skyldaðir til að spenna öryggisbeltin við akstur á vegum.

1987 Sjónvarpið byrjar að senda út á fimmtudögum jafnt sem aðra daga, fram að því höfðu þeir verið sjónvarpslausir.

Úti í bíl og undir kletti

Tónar og ljóð nefnist dagskrá í Vinaminni á Akranesi í kvöld. Valgerður Jónsdóttir er í aðalhlutverki sem flytjandi og höfundur, en hún nýtur einnig liðsinnis fleira listafólks.

Það fæðast alltaf lög og ljóð annað slagið, ef ég fæ andrými," segir tónlistarkonan Valgerður Jónsdóttir á Akranesi og bætir við að á ferðalögum hellist gjarnan yfir hana hugmyndir. „Þegar ég er með fjölskyldunni á klifursvæðum sit ég stundum með gítarinn úti í bíl eða undir kletti og sem. Svo kemur andinn yfir mig líka hérna heima," segir hún glaðlega.

Hún mun gefa áheyrendum hlutdeild í sköpun sinni á tónleikum í safn- aðarheimilinu Vinaminni á Akranesi í kvöld. Að þeim stendur Kalman – listafélag, sem Sveinn Arnar Sæmundsson organisti heldur utan um, að sögn Valgerðar. „Hann er með gott starf og fær fólk hingað með alls konar tónlist.“

Meðal þess sem Valgerður ætlar að flytja er nýtt lag sem hún samdi við ljóðið Vorið eftir Brynju Einarsdóttur, skáldkonu á Akranesi, sem nú er látin. „Það er þriðja lagið sem ég geri við ljóð eftir Brynju," upplýsir hún. „Ég er líka með lag við ljóð eftir Davíð Stefánsson, það heitir Haust og er mjög fallett.“

Valgerður á að baki fjölbreyttan feril í klassískri, popp- og þjóðlagatónlist. Hún stjórnar meðal annars kórum á Akranesi og kveðst hafa gaman af að semja og útsetja ofan í þá.

„Ég er líka oft að semja fyrir börn og er nýbúin að setja lög in á diskunum



„Svo kemur andinn líka yfir mig hér heima," segir Valgerður. MYND/SYLVÍA ÞÓRÐARDÓTTIR

Flytjendur

Valgerður, söngur, píanó og gítar
Þóru Þorvarsson, gítar
Sylvía Þórðardóttir, harmonikka og söngur
Sveinn Arnar Sæmundsson, píanó
Arnar Óðinn Arnþórsson, trommur
Sveinn Rúnar Grímarsson, bassi

Völuskrín – glens og grín, á Spotify, drattaðist til þess í tilefni tíu ára afmælis plötunnar!

Aðgangseyrir á Tóna og ljóð er 2.500 krónur en Kalmansvinir borga 2.000. Valgerður segir Vinaminni rúmgóðan sal, vissara sé samt að panta miða á netfanginu kalmanlistafelag@gmail.com og hún tekur fram að tónleikarnir hefjist klukkan 20 í kvöld, fimmtudag. gun@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Tryggvi Páll Friðriksson

listmunasali,

sem lést 7. apríl síðastliðinn, verður jarðsunninn föstudaginn 2. október frá Hallgrímskirkju kl. 15.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á HSSR og Landsbjörg. Athöfninni verður streymt á: <https://bit.ly/3cEKJeq>

Elinbjört Jónsdóttir

Margrét Tryggvadóttir
Elin Tryggvadóttir
Friðrik Tryggvason

Jóhann Ágúst Hansen
Guðjón Guðmundsson
Sóley Bjarnadóttir
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Unnur Elísabet Gröndal

lést á Dalbæ, heimili aldraðra, 10. september.

Útförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 2. október klukkan 13.

Í ljósi aðstæðna verður útförinni jafnframt streymt á <https://www.youtube.com/watch?v=pFQyS9lfejY&feature=youtu.be>

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Dalbæ, heimili aldraðra, Dalvík.

Benedikt Björnsson Bjarnan

Halldóra Gísladóttir
Gísli Sigurður Gíslason
Hólmfríður Amalía Gíslad.

Sigurður Ragnar Sverrisson
Karólína Gunnarsdóttir
Júlíus Baldursson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

Ingigerður Stefania Óskarsdóttir

(Inga)

lést á hjartadeild Landspítalans aðfaranótt 15. september.

Útför verður gerð frá Víðalinskirkju, á morgun, föstudaginn 2. október 2020, kl. 13.00.

Guðjón Árni Konráðsson

Jóna Ósk Konráðsdóttir
Guðmundur Kristinn Konráðsson
Óli Gunnarr Hákansson
Hildur Arna Hákansson
Frantz Adolf Hákansson
Crystal Elaine Moore Hákansson
Henný Guðmundsdóttir
Tinna Guðmundsdóttir
Inga Kavow Guðmundsdóttir
og barnabarnabörn.

Lena Hákansson
Andri Buchholz

Magnús Þór Bjarnason

Gallerí Fold

verður lokað föstudaginn 2. október vegna jarðarfarar Tryggva Páls Friðrikssonar listmunasala.



Innlegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eigin konu minnar,

Þóru Hallgrímsson

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Landakots, deildar L2 og hjartadeildar Landspítalans fyrir góða umönnun.

F.h. fjölskyldunnar,
Björgólfur Guðmundsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Svava Lilja Valdimarsdóttir

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 22. september. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju, föstudaginn 2. október kl. 15. Vegna aðstæðna í samfélaginu verður aðeins nánasta fjölskylda viðstödd.

Jónfríður Loftsdóttir

Valdimar Arnþjórd Loftsson

Sóldís Elfa Loftsdóttir

Sigrún Linda Loftsdóttir

Svala Rós Loftsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Óvind Smebye

Ingibjörg D. Baldursdóttir

Hörður Jónsson

Sigurður Óli Ólason

Bjarni Gunnarsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

Jón Valgeir Guðmundsson

(Jón á Skála)

Austurvegi 5, Grindavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Víðihlið, laugardaginn 26. september. Útförin fer fram frá Grindavíkarkirkju, mánudaginn 5. október kl. 14.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á Facebook-síðu Grindavíkarkirkju kl. 13.40.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erla Stefánsdóttir



Már Linnet Óskarsson

lést 10. mars síðastliðinn í Thisted, Danmörku. Jarðarförin hefur farið fram.

Einar Óskarsson og fjölskylda.



Ástkær eiginkona, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,

Sigrún Björg Einarsdóttir

kjólameistari,
Fannafold 184,
Grafarvogji,

lést á gjörgæsludeild LSH þann 27. september síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 5. október kl. 15.00.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

Kristinn Jónsson

Einar S. Björnsson

Gígja Sæbjörg Kristinsdóttir

Hanna Bára Kristinsdóttir

Einar Ingi Kristinsson

Jóhanna Ragnarsdóttir

Jóhann Ó. Sveinsson

Brynjar F. Valsteinnsson

Desiree Arrasco

ömmubörn.



Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Kjartansson

viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri,
Sóltúni 11,

varð bráðkvaddur föstudaginn 25. september. Útförin verður auglýst síðar.

Ágústa Árnadóttir
Margrét Gunnarsdóttir Jakob F. Ásgeirsson
Kristin Gunnarsdóttir
og barnabörn.

VERIÐ VELKOMIN Á HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA Í NETTÓ

KYNNTU ÞÉR ÖLL FRÁBÆRU TILBOÐIN Í HEILSUBLAÐINU

Fylgstu með og nálgastu upplýsingar á netto.is og Facebook-síðu Nettó varðandi leiki og ofurtilboð dagsins á Heilsudögum.



OFURTILBOÐ - GILDIR ÞENNAN EINA DAG!

Fimmtudagur 1. okt.
Tilboð dagsins



Fulfil próteinstykki
55 gr - Þrjár tegundir

239 KR/STK

ÁÐUR: 369 KR/STK

35%
AFSLÁTTUR

Föstudagur 2. okt.
Tilboð dagsins



Nicks
40 gr - Coconut eða
Peanuts n' Fudge

99 KR/STK

ÁÐUR: 159 KR/STK

38%
AFSLÁTTUR

Laugardagur 3. okt.
Tilboð dagsins



Whole Earth Engiferöl
330 ml

129 KR/STK

ÁÐUR: 219 KR/STK

41%
AFSLÁTTUR



Íslenskt Lambhaga spínatbox
(125 g)

50%
AFSLÁTTUR



Vatnsmelóna
(kg)

50%
AFSLÁTTUR



Sellerí
(kg)

50%
AFSLÁTTUR

nettó

Lægra verð - léttari innkaup

NÝTTU ÞÉR VEFVERSLUNINA

ÖLL TILBOÐ Á HEILSUDÖGUM MÁ FINNA Á NETTO.IS



HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGAR NETTÓ STANDA YFIR DAGANA 24. SEPTEMBER - 4. OKTÓBER 2020

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Lágmúli • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík ☀️ 6°C 6°C	Ísafjörður ☁️ 3°C 2°C	Akureyri ☀️ 7°C 2°C
Egilsstaðir ☀️ 8°C 2°C	Kirkjubæjarkl.☀️ 6°C 3°C	Hveravellir ☀️ -2°C 6°C

Suðlæg eða breytileg átt 3-8 m/s og bjart með köflum, en suðaustan 5-13 m/s suðvestanlands og stöku skúrir. Hiti 3 til 8 stig að deginum.

Föstudagur

Reykjavík ☁️ 7°C 4°C	Ísafjörður ☁️ 1°C 2°C	Akureyri ☁️ 6°C 1°C
Egilsstaðir ☁️ 3°C 2°C	Kirkjubæjarkl.☁️ 7°C 3°C	Hveravellir ☀️ 2°C 5°C

Laugardagur

Reykjavík ☁️ 4°C 3°C	Ísafjörður ☁️ 1°C 1°C	Akureyri ☁️ 3°C 1°C
Egilsstaðir ☁️ 7°C 1°C	Kirkjubæjarkl.☁️ 6°C 1°C	Hveravellir ☁️ 2°C 2°C

LÉTT

6	2		4	5		1
1		4	6		2	9
	7	8	9			
	8		1		9	6
9						7
	4	1		9	5	2
		3				
7				4	6	
	5		2	1	7	3

MIDLUNGS

	2			8	3	6	
				3	9		7
1			9	2			
7				6		8	
		8	4				7
6	1			8		3	5
					6	4	
5	3					8	9
4			3				

PUNG

		4	8				3	7
							4	2
	9						5	
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7	3							

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 fjöldi
 5 vafi
 6 upphrópun
 8 forn
 10 tveir eins
 11 fram að
 12 virki
 13 álit
 15 geymir
 17 tómhent
- LÓDRÉTT**
 1 mjókka
 2 býsna
 3 píllari
 4 lokkar
 7 ódæði
 9 dugnaður
 12 neitun
 14 umstang
 16 tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 margt, 5 efi, 6 æi, 8 gamall, 10 ri, 11 til, 12 borg, 13 svar, 15 tankur, 17 snauð.
 LÓDRÉTT: 1 megrast, 2 afar, 3 rim, 4 tællir, 7 ill-gerð, 9 atorka, 12 bann, 14 vas, 16 uu.

Skák Gunnar Björnsson

Sziva átti leik gegn Cssh í Ungverjalandi árið 1989.

1. Bb4! Hxd1 2. Bxc5+ Kg8 3. Hxd1 1-0.

Áttunda og næstsiðasta umferð Haustmóts TR fór fram í gærkvöldi. Jóhann Jónsson var efstur í opnum flokki með 6½ vinning að loknum sjö umferðum. Elvar Már Sigurðsson og Benedikt Þórisson komu næstir með 5½ vinning.

www.skak.is: Haustmót TR.


Hvítur á leik



2	9	8	3	5	6	4	1	7
3	1	6	4	9	7	2	5	8
5	4	7	8	1	2	3	9	6
6	2	9	5	3	8	7	4	1
4	7	3	9	6	1	5	8	2
1	8	5	2	7	4	9	6	3
9	3	1	6	2	5	8	7	4
7	5	4	1	8	3	6	2	9
8	6	2	7	4	9	1	3	5
3	1	5	9	2	6	8	4	7
2	9	4	3	8	7	5	6	1
6	7	8	4	1	5	9	2	3
4	5	6	7	3	9	1	8	2
7	8	9	1	4	2	3	5	6
1	2	3	5	6	8	7	9	4
8	3	1	6	9	4	2	7	5
9	6	7	2	5	3	4	1	8
5	4	2	8	7	1	6	3	9
3	9	5	8	1	6	7	2	4
4	7	6	9	2	3	8	5	1
8	1	2	4	5	7	3	6	9
9	4	3	6	7	5	1	8	2
2	6	7	1	4	8	5	9	3
7	8	4	3	9	2	6	1	5
5	2	1	7	6	4	9	3	8
6	3	9	5	8	1	2	4	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nju reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5050 eða sendu tölvupóst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



Kófdrykkja í Kópavogi

LEIKHÚS

Kópavogskrónika

★★★★★

Kamilla Einarsdóttir

Þjóðleikhúsið

Leikgerð: Ilmur Kristjánsdóttir og Silja Hauksdóttir

Leikstjórn: Silja Hauksdóttir

Leikarar: Ilmur Kristjánsdóttir, Arnmundur Ernst Backman og Þórey Birgisdóttir

Leikmynd og búningar: Sigríður Sunna Reynisdóttir

Tónlist: Auður

Lýsing: Jóhann Bjarni Pálmason

Hljóðmynd: Kristján Sigmundur Einarsson

Krónískt sjálfshatur mallar yfir volgum bjór sem drukinn er of snemma dags í miðri viku. Örvæntingu yfir því að elska, annaðhvort sjálfa sig eða aðra, vex ásmegin með hverjum sopa. Þá er bara langbest að taka strax næsta drykk. Lífið er hvort eð er bara samansafn tilviljana í bland við klaufalegar tilraunir til að vera heilleg manneskja. Kópavogskrónika, byggð á samnefndri bók Kamillu Einarsdóttur, fékk loksins sinn frumsýningardag í Þjóðleikhúsinu eftir töluverða töf.

Kópavogskrónika er óður til bæjarfélags og barns, misjafnt er hvort er mikilvægara í huga andsöguhetjunnar. Sýningin er sjálfskoðun í gegnum tortímingu þar sem ferð á Riddarann virðist vera góð hugmynd alveg þangað til einhver viðskiptavinur lætur þig óttast smávegis um líf þitt og ástin kvikn-

ar yfir áleggi í Bónuskælinum til manns sem vill ekkert með þig hafa.

Leikgerðin er í höndum Ilmar Kristjánsdóttur og Silju Hauksdóttur sem stokka upp í upprunalega textanum, bæta við á stöku stað og sleppa öðru. Bráðfyndið atriði þar sem andsöguhetjan situr með fulltrúum foreldrafélagsins að ræða um ábyrgðaraðila, niðurföll og íþróttahús er besta viðbótin. En texti Kamillu er til grundvallar, á köflum kómiskur, snarpur og óheflaður, ef ekki óagaður.

Ilmur fer með hlutverk ónefndu konunnar í Kópavogsævintýrinu og nær föstum tókum á því. Frásagnarstíllinn er í formi játninga við áhorfendur og myndar hún sterk tengsl við salinn. Ilmur vekur upp samúð og mikinn hlátur með kaldhæðnislegum tilsvörum í bland við vangaveltur um tilveruna. Velta má þeirri spurningu upp hvort bókinni hefði betur verið umbreytt í einleik. Ekki að það sé neitt að sakast við hina leikarana tvo. Arnmundur Ernst Backman leikur heila hjörð af sjálfhverfum karlmönnum sem sjá ekki sólna fyrir sjálfum sér. Raftónlistarskálidið, verðbréfasalinn og lækknirinn eru allir jafn óspennandi en Arnmundur smellir sér lípurlega í hlutverk þeirra og finnur húnurinn í þeim öllum. Þórey Birgisdóttir fær aftur á móti færri bitastæð hlutverk, þó er slavniska hreyfilistakonan eftirminnileg, en leysir þau ágætlega.

Silja er betur þekkt fyrir að leikstýra sjónvarpsþáttum og kvikmyndum fremur en leikritum. Þeirra áhrifa sést gæta hér þar sem Kópavogskrónika er frekar senu-



Kópavogskrónika er óður til bæjarfélags og barns, segir gagnrýnandi. MYND/HÖRÐUR SVEINSSON

skipt en flæðandi. Sýningin byrjar ekki nægilega afgerandi en í heildina tekst ágætlega til þó að innri taktur framvindunnar hökti af og til. Sigríður Sunna Reynisdóttir sér um bæði búninga og leikmynd. Búningarnir heppnast vel en hver karakter fær sína einkennisflík og virkar best þegar primaloftúlpurnar mæta leðurjakkanum. Miðpunktur leikmyndarinnar er grasi vaxinn hóll umkringdur grámyglulegum

veggjum sem virka ekki og eru ekki nægilega vel nýttir. Tónlistarmaðurinn Auður, í samvinnu við Kristján Sigmund Einarsson, sér um hljóðheiminn og tekst þeim virkilega vel til. Djammundirtónninn er í senn samtímatengdur en um leið afturhvarf í smelli fyrri ára, bjórblaut dansgölf og vandræðalegar viðreynslur.

Kópavogskrónikan er lítil og stutt leiksyning með stórt ef blautt

hjarta. Manngæskan hefur lítið með auð að gera heldur miklu fremur að auðga líf annarra með ást. Stundum er þeirri ást sóað í einhvern sem á hana ekki skilið, stundum er betra að elska úr fjarlægð en það mikilvægasta er að reyna að finna leið til að elska sjálfa sig. **Sigríður Jónsdóttir**

NIÐURSTADA: Heillandi harmsaga um leitina að sátt, eða bara næsta bjór.

VELJUM ÍSLENSKA FRAMLEIÐSLU

HAUST ÚTSALA 1. – 3. OKTÓBER

30% afsláttur af öllum vörum frá Varma
50% afsláttur af angóruvörum frá Ylfa
- og ekki má gleyma útsöluhorninu okkar

VARMA **Ármúla 31** Opnunartími:
Fimmtudaginn 1. okt 16:00-18:00
Föstudaginn 1. okt 16:00-18:00
Laugardaginn 3. okt 13:00-15:00

The Warmth of Iceland

Fimmtudagur

SIR ARNAR GAUTI
LÍFSSTÍLSÞÁTTUR

ALLA FIMMTUDAGA
KL. 21:30

SIR ARNAR GAUTI

Lifandi og skemmtilegur lífsstílsþáttur með Arnari Gauta á Hringbraut, á fimmtudögum kl. 21:30.



HRINGBRAUT



HRINGBRAUT

20.00 Mannamál - sigildur þáttur Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við þjóðþekktu einstaklinga um líf þeirra og störf.

20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétt Mannlíf, atvinnulíf og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón: Páll Ketilsson. Framleiðandi: Víkurfréttir ehf.

21.00 21 - Fréttabáttur á fimmtudegi er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringabáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernís með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.

21.30 Sir Arnar Gauti Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi

09.10 Kastljós

09.25 Menningin

09.35 Spaugstofan 2005 - 2006

10.00 Sirkussjómennirnir

10.30 Treystið lækninum

11.25 Línudans

12.30 Sætt og gott

13.00 Heimaleikfimi

13.15 Í blíðu og stríðu

13.45 Landakort Fólk hrætt við að tína upp í sig í fjörunni.

13.55 Setning Alþingis Bein útsending frá setningu Alþingis.

14.35 Gamalt verður nýtt

14.45 Landakort

15.00 Upplýsingafundur Almannavarna

15.30 Út og suður

15.55 Gettu betur 2014

17.15 Okkar á milli

17.50 Tákn málsfréttir

18.00 KrakkaRÚV

18.01 Netgullið Trio. Cybergullet

18.25 Allt í einum graut

18.50 Krakkafréttir

19.00 Fréttir

19.20 Íþróttir

19.25 Veður

19.30 Stefnumæða forsætisráðherra Bein útsending frá Alþingi þar sem Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flytur stefnumæðu sína og fram fara umræður um hana.

22.00 Tíufréttir

22.15 Veður

22.20 Lögregluvaktin Chicago PD Spennuþáttaröð um líf og störf lögreglumanna í Chicago. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.05 Babýlon Berlín. Babylon Berlin

23.50 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.25 PGA Tour 2020

10.30 European Tour 2020 Bein útsending frá Scottish Open í Evrópumótardöðinni.

16.30 PGA Tour. The Cut Skyggnt á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni.

17.00 LPGA Tour 2020 Bein útsending frá Shoprite Classic í LPGA Tour.

20.00 PGA Tour 2020 Bein útsending frá Sanderson Farms Championship í PGA Tour.

23.00 European Tour 2020 - Highlights

23.25 Champions Tour Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió

FM 89,5 Retro

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify

12.30 Dr. Phil

13.15 The Late Late Show

14.00 Broke

14.25 The Block

15.25 90210

16.30 Family Guy

16.50 The King of Queens

17.10 Everybody Loves Raymond

17.35 Dr. Phil

18.20 The Late Late Show

19.05 American Housewife

19.30 The Unicorn

19.30 Single Parents Bandarískur gamanþáttur um hóp af einstæðum foreldrum sem stofna stuðningshóp til að aðstoða hvert annað við lífsins þrautir.

20.30 Almost Family

21.20 Tommy

22.10 How to Get Away with Murder

22.55 Love Island

23.50 The Late Late Show

01.45 Nancy Drew (2019)

02.30 Charmed (2018) Ný útfærsla af unglingsþáttum sem nutu mikilla vinsælda fyrir nokkrum árum.

03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins

06.50 Morgunvaktin

07.00 Fréttir

07.30 Fréttayfirlit

08.00 Morgunfréttir

08.30 Fréttayfirlit

09.00 Fréttir

09.05 Segðu mér

09.45 Morgunleikfimi

10.00 Fréttir

10.03 Veðurfreginir

10.13 Á reki með KK

11.00 Fréttir

11.03 Mannlegi þátturinn

12.00 Fréttir

12.02 Hádegisútlit

12.20 Hádegisfréttir

12.40 Veðurfreginir

12.50 Dánarfreginir

12.55 Samfélagið

13.30 Setning Alþingis

14.00 Fréttir

15.00 Fréttir

15.03 Flakk - Flakk um hús í niðurniðslu í miðborginni

16.00 Síðdegisfréttir

16.05 Viðsjá

17.00 Fréttir

17.03 Lestin

18.00 Spegillinn

18.30 Hljómboxið

18.50 Veðurfreginir

18.53 Dánarfreginir

19.00 Óperukvöld útvarpsins

22.00 Fréttir

22.05 Veðurfreginir

22.10 Samfélagið

23.05 Lestin

00.00 Fréttir

00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.45 A.X.L. Ævintýrleg mynd frá 2018 um AXL, háleynilegan vélhund sem herinn bjó til til að vernda hermenn framtíðarinnar.

13.20 Juliet, Naked

14.55 Mystery 101. An Education in Murder

16.20 Juliet, Naked

17.55 A.X.L.

19.35 Mystery 101. An Education in Murder

21.00 Terminal

22.30 Escape Plan 2. Hades

00.05 Before I Wake

01.40 Terminal

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn

08.15 The Good Doctor

09.05 Bold and the Beautiful

09.25 Gilmore Girls

10.05 The Mindy Project

10.30 Gossip Girl

11.10 Sendiráð Íslands

11.30 Fresh off the Boat

11.50 Maður er manns gaman

12.35 Nágrannar

12.55 Sporðaköst 7

13.25 Golfarinn

13.55 Leitinn að upprunum

14.30 Grand-Daddy Day Care

16.00 Poms

17.35 Bold and the Beautiful

18.00 Nágrannar

18.26 Veður

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.50 Sportpakinn

18.50 Ísland í dag

19.10 Shipwrecked

20.00 Masterchef UK

21.00 LA's Finest

21.45 NCIS. New Orleans

22.30 Real Time With Bill Maher

23.35 The Salisbury Poisonings

00.20 Mr. Mercedes

01.20 Mr. Mercedes

02.10 Mr. Mercedes

03.05 Barry

03.30 Barry

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

08.00 Barnaefni

20.00 Friends

20.20 Friends

20.45 Modern Family

21.05 Thirteen

22.00 Næturvaktin

22.30 Humans

23.15 The Hundred

00.05 Friends

00.25 Friends

00.50 Modern Family

STÖÐ 2 SPORT

07.45 Afturelding - Augnablik Útsending frá leik í Lengjudeild kvenna.

09.25 Real Sociedad - Valencia

11.05 Dominos Kórufoltakvöld karla

12.10 Skallagrímur - Keflavík Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.

13.50 18. umferð

15.00 Valur - Breiðablik Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

16.45 Dregið í riðla Meistaradeil

17.50 Víkingur R. - KR Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

20.00 Stjarnan - FH Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.

22.10 Dominos Kórufoltakvöld kvenna

22.55 Höttur - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.

00.05 Höttur - Grindavík Útsending frá leik í Dominos deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 2

07.35 Benevento - Inter

09.15 Udinese - Spezia

10.55 Lazio - Atalanta

12.35 PAOK - Krasnodar Útsending frá leik í forkeppni Meistaradeildarinnar.

13.25 Huesca - Atletico Madrid

15.05 Real Madrid - Real Valladolid

16.50 Brighton - Manchester United

18.35 Liverpool - Arsenal Bein útsending frá leik í enska deildabikarunum.

20.40 NFL Gameday

21.05 Dregið í riðla Meistaradeildarinnar

22.10 Athletic Club - Cadiz

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útlit Saga

FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



AÐEINS 3.990 KR./MÁN.



Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Skoðar ættfræði þjóðþekktra Íslendinga

Í kvöld hefja göngu sína þættirnir Hver ertu? í Sjónvarpi Símans, í stjórn Þóru Karítasar Árnadóttur. Í þeim kafar hún í fortíð, sögu og ættfræði viðmælenda sinna.

Þættirnir Hver ertu? hefja göngu sína í kvöld í Sjónvarpi Símans. Í þeim fær leikkonan, rit höfundurinn og þáttastjórnandinn Þóra Karítasar Árnadóttir til sín þjóðþekktu einstaklinga og skoðar sögu þeirra og ættartré. Þættirnir eru því í raun nokkurs konar blanda af ættfræði- og spjallþætti með heimildaivafi. Þóra skoðar með viðmælendum sínum hvernig saga og bakgrunnur þeirra hefur haft áhrif á lífeinstaklingsins og mótað.

„Hugmyndin að þáttunum kemur úr herbúðum Republik, sem annast framleiðsluna fyrir Sjónvarp Símans. Ég var kölluð inn til að athuga hvort ég hefði áhuga á efni og þá var ekki aftur snúið. Við tók hugarflugsvinna þar sem við veltum fyrir okkur hvernig við gætum útfært þáttinn miðað við íslenskar aðstæður. Við gáfum okkur það að flestir viti sitt hvað um sögur úr ættinni og eitthvað um upprunann, en reyndum að kafa djúpt í bakgrunn hvers og eins í því skyni að draga fram síthvað sem fólk ýmist vissi mikið eða lítið sem ekkert um fyrir fram,“ segir Þóra Karítasar.

Hún segir hvern þátt hafa alveg sérstakan karakter út frá sögu viðmælenda.

„Ég spyr alla almennra spurninga um æsku, fjölskylduform og uppeldisástandur og hversu mikið viðkomandi hefur þælt í forfeðrum sínum og formæðrum, og með hvaða hætti þeim finnst þeir sem á undan koma hafi haft áhrif á sig. Svo tekur við að kynnst nánar sögum úr móðurlegg og föðurlegg við-

MÉR FINNST SVO MIKILVÆGT AÐ FJÖLBREYTNIN SEM EINKENNIR SAMFÉLAGIÐ OKKAR SÉ SÝNILEG Í MENNINGARTENGDU EFNI. EKKI SÍST Í ÞÁTTUM SEM SNÚAST UM UPPRUNA FÓLKS.

mælendans, en stundum er meiri áhersla á aðra ættina ef sögurnar þurftu mikið pláss,“ segir hún.

Ferlið gefandi

Hún segir ferlið og vinnslu þáttanna hafa verið mjög gefandi og töluverður undirbúningur sé þar að baki.

„Mig langaði að gera lífliga þætti þar sem grúskað væri í ættfræði. Ég áttaði mig snemma á því að það verða allir bara svo sætir þegar þeir tala um ömmur sínar eða afa og þótt það sé hægt að rekja okkur öll til landsnámsfólks og draga fram sögur af fólki frá því um 1500, þá fundum við að þeim mun nær sem við vorum í tíma, var efnið persónulegra og áhrifaríkara.“

Þóra segir þau hafa verið heppin og tókum hafi verið lokið þegar heimsfaraldur COVID skall á hér á landi.

„Það hefði gert ferlið öllu flóknara ef við hefðum ekki verið búnin að klára tókurnar. Við vorum bókstaflega á leið til Angóla þann 1. mars, þegar ljóst var að faraldurinn hefði borist til Íslands og greint hafði verið frá fyrsta smitinu hér. Það var mjög skrytið að leggja af stað í svona langt ferðalag á framandi stað



á tímum heimsfaraldurs, en tekið hafði hálf ár að ganga frá töku- leyfum og pappírsvinnu tengda ferðinni og það kom því ekki til greina að hætta við og við sáum ekki eftir því, enda ekki á hverjum degi sem maður fær tækifæri til að heimsækja Afríku,“ segir hún.

Allt gekk ótrúlega vel þrátt fyrir óvissuna sem var í loftinu, að sögn Þóru.

„Tökurnar sem fóru fram úti voru gríðarlega mikilvægar fyrir þáttinn um Unnstein Manúel, svo við vorum einstaklega heppin að þetta tókst allt saman.“

Hún segir það hafa verið einstaklega gefandi að kynnst viðmælendum sínum við gerð þáttanna.

„Suma þekkti ég litillega fyrir en ég hitti hvern og einn á kaffihúsi áður en tókur hófust. Það voru mikilvægir fundir og skemmtileg trúno. Það var lagt var upp með að vera í góðri samvinnu við viðmælendur og njóta trausts, því þetta getur verið viðkvæmt, að segja sögur af fólki sem getur ekki sagt sögu sína sjálf. Fjölskylduleyndarmál geta líka lodað við ættir lengi og þá getur verið viðkvæmt fyrir

einhvern í fjölskyldunni ef hulunni er lyft af þeim. Ég vildi gera öllum ljóst að það væri ekki markmiðið að særa neinn, heldur draga fram áhugaverða karaktera og sögur úr fortíðinni,“ segir Þóra Karítasar.

Áhugaverðar sögur

Margt kom Þóra Karítasar á óvart við gerð þáttanna.

„Ég vissi til dæmis ekki að langafi Hannesar landsliðsmarkvarðar hefði verið numinn á brott í seinna stríði og sendur í fangabúðir á eyjunni Mön, en þangað ferðuðumst við með honum og við fáum að kynnst þeirri mögnuðu sögu í þáttunum. Amma Agústu Evu var amman í Grjótaþorpínu. Hún átti magnað lífshlaup sem hægt er að lesa um í Lífsbókinni eftir Ragnheiði Davíðsdóttur. Ég vissi ekki að hún hefði samið textann við lag Bergþóru Árnadóttur um Lífsbókina, eða verið fyrst allra til að stinga opinberlega upp á Vigdís sem forseta. Ég hafði ekki hugmynd um að Hera Hilmarsdóttir leikkona væri komin af Thor Jensen og Margréti Þorbjörgu Kristjánsdóttur,“ segir hún.

ÞAD VAR LAGT UPP MED AÐ VERA Í GÓÐRI SAMVINNU VIÐ VIÐMÆLENDUR OG TRAUSTI ÞVI ÞETTA GETUR VERIÐ VIÐKVÆMT AÐ SEGJA SÖGUR AF FÓLKI SEM GETUR EKKI SAGT SÖGU SÍNA SJÁLFT.

Þóra fékk að heyra ógrynni af áhugaverðum sögum frá viðmælendum sínum.

„Það er margt sem ég vissi ekki og svo reyndum við líka að draga fram smá þjóðarfróðleiksmola um stóra atburði í Íslandssögunni í þáttunum, eitthvað sem tengist sögu okkar allra.“

En á Þóra Karítasar sér einhvern draumaviðmælenda?

„Mér finnst saga allra áhugaverð og ég væri til í að tala við svo marga, ekki síður óþekktu en þekktu. Ég vil þó ekki gefa upp þau nöfn sem ég hef í sigtinu, því ef það verður ekki af því að gera fleiri þætti get ég séð fyrir mér að gera heimildar-

VÍTAMÍNDAGAR

til 10. október

25%
AFSLÁTTUR*

FK

FJARÐARKAUP

EINSTÖK VERSLUN



*AF VÖLDUM VÍTAMÍNUM

Blóðbað á taivanska þinginu

KVIKMYNDIR

Get the Hell Out

★★★★★

Leikstjórn: I.-Fan Wang
Aðalhlutverk: Francesca Kao, Bruce Hung

Uppvakningar voru einu sinni ákveðin delikasía. Það þótti bera til tíðinda þegar zombie-mynd var á leiðinni, og á almennum markaði voru þær sjaldan fleiri en ein til tvær ár hvert. Í dag er uppvakningurinn orðinn ansi úr sér genginn og

flestar nýjar myndir þar sem hann kemur fyrir eru með grinslegnu yfirbragði.

Hunskastu út (e. Get the Hell Out) er þar engin undantekning, en hún var nýlega sýnd í Bilabíói RIFF. Myndin segir frá þingkonunni Xiong Ying-Ying sem missir sæti sitt á taivanska þinginu eftir klaufalegar útistöður við öryggisvörðinn Wang-Yo. Í kjölfarið kemur Ying-Ying Wang-Yo á þing, þar sem hún hyggst nýta hann sem leiksopp sinn í baráttu sinni við að stöðva áætlanir um byggingu efnaverksmiðju.

Úrgangur úr verksmiðjunni er sagður hafa valdið einkennum sem minna einna helst á hundæði. Það er augljóst í hvað stefnir.

Myndin fer strax af stað á fullum hraða og tempóið er fljótt að venjast. Stílfæringin er sterk – ofleikurinn hentar gríninu vel, búningarnir eru litríkir og tónlistin er fjöruk. Brandararnir eru fyrir ofan garð og neðan. Sumir þeirra eru drepfyndnir og hitta beint í mark, aðrir ganga ekki alveg upp. Það gæti verið á ferðinni einhver taivanskur einkahúmor sem hittir ekki alveg í mark

hjá sveitalubbum á Íslandi. Þá eru líka skírskotanir í internet-brandara sem gætu misst marks hjá eldri kynslóðinni. Það er þó í góðu lagi, þar sem hún er líklega ekki markhópurinn.

Það er ekki margt nýtt á ferðinni í Hunskastu út, en myndin er nógu kostuleg til að halda áhorfendum við efnið. Bleik jakkaföt eru kannski nóg til að glæða uppvakninginn lífi.

Arnar Tómas Valgeirsson

NIÐURSTAÐA: Fjöruk og sterklega stílfærð ræma.

Þóra Karítas gefur út sína fyrstu sögulegu skáldsögu fyrir jólin, Blóðberg.
FRÉTTABLAÐIÐ/
SIGTRYGGUR ARI

mynd um að minnsta kosti uppruna einnar manneskju sem hafði samband við mig eftir að hún heyrði af þáttunum. Til að svara þessu aðeins betur þá myndi ég vilja fá færi á að tala við fleiri sem búa að erlendum ættlegg hjá móður sinni eða föður.“
Hún segist því vilja leggja áherslu á að fá áfram fjölbreyttan hóp viðmælanda með tengingar við önnur lönd eða heimsálfur.
„Mér finnst svo mikilvægt að fjölbreytnin sem einkennir samfélagið okkar sé sýnileg í menningartengdu efni. Ekki sist í þáttum sem snúast um uppruna fólks.“

Nóg að gera
Þóra Karítas var nú fyrir stuttu að ljúka við að skrifa sína fyrstu sögulegu skáldsögu.

„Bókin heitir Blóðberg og er gefin út af Forlaginu, en það er búið að senda hana til Þýskalands í prentun. Ég á von á sýniseintaki með flugi á næstu vikum og svo siglir bókin í höfn vonandi nokkru fyrir jól, ef allt gengur upp. Bókin fjallar um líf og örlög ungrar stúlku, Þórdísar Halldórsdóttur, sem var tekin af lífi árið 1618. Henni var gefið að sök að hafa eignast barn með mági sínum en það var lífláttssök á tímum Stóradóms. Sagan er nokkurs konar ímynduð málsvörn hennar,“ segir hún.

Næsta stóra verkefni hennar er svo að leikstýra í Borgarleikhúsinu verkinu Taktu lagið, Lóa.

„Það er verk sem ég hef hef miklar mætur á. Við hefjum æfingar í janúar og áætluð frumsýning er í mars. Það er mikil tónlist í sýningunni en verkið fjallar um Lóu, sem er feimin og hlédræg stúlka með leyndan sönghæfileika. Hún syngir föður sinn sem skildi eftir sig stórt plötusafn og í gegnum tónlistina finnur hún sér leið út í lífið á ný. Bragi Valdimar er að annast þýðingu á verkinu og leggja lokahönd á hana núna. Ég er uppfull af góðri orku og gleði og tilhökkun yfir að fá að takast á við þessa sögu. Verkið, sem er eftir Jim Cartwright, er sett fram í miklum húmor en er líka gætt mikilli alvöru og dýpt.“

Fyrsti viðmælandi Þóru Karítasar er athafnakonan Lilja Pálmadóttir. Þátturinn er sýndur í kvöld klukkan 20.00 í Sjónvarpi Símans.
steingerdur@frettabladid.is

BÓKA

MARKAÐUR

Á FISKISLÓÐ 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10-19

SÍÐUSTU DAGARNIR

NÆG BÍLA- STÆÐI

Nesbø pakki
1.990 kr.

2.990 kr.

990 kr.

1.490 kr.

990 kr.

990 kr.

990 kr.

990 kr./stk.

990 kr.

NAMMI OG ÍSPINNAR

MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

SR

STÓRSVEIT
REYKJAVÍKUR
KYNNIR:



ÍSLENSKI KATALÓGURINN

4. okt. kl. 20.00
Flóa, Hörpu

Stjórnandi: Samúel J Samúelsson

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU
AFMÆLSKRINGLUNNI
- fyrir 25-30 manns



Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Austurströnd 14 • Hringbraut 35



Harald, Haraldur Fannar, með Fender Telecaster erfðagripinn sem hann samdi lagið Fullkomin á, en eftir alls konar tilraunir er hann búinn að finna tóninn sem hann er tilbúinn til að deila með öðrum. MYND/ÓLÓF ERLA

Sögulegur Fender tengir tónlistarfeðga

Fyrsta lag tónlistarmannsins unga **Haraldar Fannars** er komið á Spotify, en lagið samdi hann á „sjúklega góðan“ Fender, sögulegan gítar sem pabbi hans er búinn að spila vel til með Skítamóral.

Tónlistarmaðurinn ungi Haraldur Fannar hefur kveðið sér hljóðs, undir sviðsnafninu Harald, á Spotify og öllum helstu streymisveitum, með laginu Fullkomin.

„Þetta er fyrsta lagið á svokallaðri EP-plötu og það allra rólegasta,“ segir Harald, sem stefnir á að fylla plötuna með fjórum lögum til viðbótar á næstunni. „Ég er mjög spenntur fyrir hinum lögnum og að þau komi út af því að það er mikið líf í þeim.“

Harald er 21 árs og kemur úr Kópavoginum þar sem hann ólst upp umvafinn tónlist, eins og hann orðar það, og byrjaði snemma að læra á hljóðfæri. Hann er jafnvígur á gítar og píanó og syngur lög sín sjálfur. Sjálfsgagt má með erfðafræðum rekja þetta að hluta til föður hans, Arngrims Fannars, Adda Fannars Skímó.

Gítarstrengur milli feðga

Harald segist vissulega njóta þess að eiga „nokkra mjög sjóða ráðgjafa“ að í sínum innsta hring, en þess vegna hafi hann lagt mikla áherslu á að finna sinn eigin hljóð áður en hann byrjaði að gefa út, þannig að áhrif föður hans á hann eru helst fólgin í góðum ráðum auk þess sem hann lagði syninum til gítarinn sem hann samdi nýja lagið á.

„Þetta er amerískur Fender og er sjúklega góður,“ segir Harald og bætir við að í hljóðfærinu, sem er mun eldra en hann sjálfur, leynist mikil saga. „Það eru til myndir af pabba með þennan gítar þegar hann er jafngamall og ég er núna.“

Hann keypti hann 1996 og hefur haldið í hann og það mætti segja að hann sé þínu erfðagripur þannig lagað og það er ekki séns að ég láti hann frá mér. Pabbi hefur gripið í hann þegar hann þarf en annars hef ég fengið að hafa hann,“ segir Harald sem hefur fengið Fenderinn til varðveislu.



Addi Fannar í ham með Fenderinn á Þjóðhátíð 2009. MYND/ SIGURJÓN RAGNAR

Eftirsótt eintak

„Þetta er mjög vandað eintak, Ameríkutýpa, og það er búið að spila hann vel til eins og maður segir. Ég fékk hann lánaðan hjá honum í sumar þegar Skítamóral kom saman og spilaði í Hörpunni,“ segir Addi Fannar og staðfestir orð sonarins um að Fenderinn sé sjúklega góður.

„Ég veit ekki alveg hversu gamall hann er. Ég keypti hann notaðan í Gítarum á Laugavegi og ég frétti seinna að annar þekktur íslenskur gítarleikari hafi nú verið með augastað á honum. En hann tafðist. Kom við á knæpu á Laugaveginum og náði aldrei upp í búðina. Hann frétti svo seinna að ég hefði eignast þennan gítar og bölvadi því mikið að hann hefði mist af honum, en það er nú önnur saga.“

Addi Fannar segist ekki hafa ýtt syninum út á tónlistarbrautina þótt hann leggi honum til hljóðfæri og góð ráð ef svo ber undir. „Ég hef í rauninni ekkert sérstaklega hvatt hann til þess að feta þessa braut, en hann hafði snemma mikinn áhuga og vildi læra á hljóðfæri sem mér fannst bara hið besta mál. Þannig að hann er tónlistarskólalagenginn og lærði á klassískan gítar og píanó og trommur.“

Stoltur pabbi

„Þetta lag er samið á þennan gítar og í raun tekið allt upp á hann líka,“ segir Harald um frumraunina Fullkomin, sem hann lýsir sem uppgjöri við ástina og fortíðina. „Þetta eru í rauninni bara vangaveltur í huga ungs manns og þegar maður rýnir inn í þögnina og hlustar á hjartað þá er þetta eitthvað sem kemur út frá því.“

Lagið sjálft er samið um það sem er í gangi og ég held að manneskjan sem lagið er samið um hafi ekki hugmynd um að lagið er samið um sig,“ segir Harald og gerist nokkuð leyndardómsfullur þegar hann er spurður hvort hann sé ekkert fullungur til þess að gera upp við ástina og fortíðina.

„Ég er mjög stoltur og hann hefur algerlega gert þetta á sínum forsendum og með sínum hætti. Mér finnst eðlilegt að vera ekkert að skipta mér of mikið af,“ segir Addi Fannar, sem heyrði Fullkomin fyrst þegar lokaútgáfan var tilbúin.

„Hann er búinn að leyfa mér að heyra ýmislegt meira sem hann er með í bigerð og mér list mjög vel á bæði þetta lag og það sem mun koma í framhaldinu. Hann er bara svolítið með þetta strákurinn.“

toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is RÁÐAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is

1997-2020
Við eigum 23ja ára afmæli

vfs.is

20%
**AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM!**

Fimmtudag-laugardags í verslunum
okkar og á vfs.is fimmtudag-sunnudags.

**VERKFERA
SALAN**

Athugið:
20% afsláttur
af öllum vörum
aðeins í 4 daga:
1.-4. október



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

OKTÓ

50 ára blómaval
Afmælistilboð

Hausterikurnar
á enn betra
verði

Sjáðu
verðið!

44%

3 stk.

999 kr/3 stk.

1.797 kr/3 stk.



50 ára blómaval
Afmælistilboð

62%

Orkidea
2 greinar

999 kr

2.690 kr

Orkidea 2 greinar
12 cm. 11325000



Flísar í úrvali



25%

PAMESA
ceramica

2.545 kr/m²

3.397 kr/m²

Flísar

30,3x61,3 cm, R9, frostpólin. 8611174

Fiskibeinamynstur



25%

ALSAPAN

Papercrete, Flooring, Worktops

Green
vara

PEFC

3.560 kr/m²

4.750 kr/m²

Harðparket, fiskibeinamynstur

Ljós eik 12 mm á þykkt, stærð 640 x 143 x 12 mm.
147473

20%

GROHE

11.690 kr

14.695 kr

Handlaugartæki
Grohe Start. 7910800



Bleikur
október



BerlingerHaus

5.585 kr

Hnífasett

Ryðfrítt stál með Non-stick húðun,
á segulstandi, 6 stk. 2002791



20%

19.990 kr

24.990 kr

Klakavél

Svört. 1841275

20%

DEWALT

43.995 kr

54.995 kr

Hleðsluborvél 18V

2 stk., 2.0Ah rafhláða, kolalaus mótur,
hersla 0Nm, sn./mín., 550/2000 sn. mín.
5159080



20%

Nilfisk

13.595 kr

16.995 kr

Háþrýstidæla C 110.7-5 X-TRA
110 bór, 1.4 kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.
Click & Clean kerfi. 5254200



30%

NEO

13.995 kr

19.945 kr

Topplyklasett

Toppar 1/2" 10-32 mm, 1/4" 4-14 mm. 111 stk. 5052573



Nýtt blað
er komið út
husa.is



bertilboð

50 ára blómaval
Afmælistilboð



Nóvemberkaktus

999 kr
~~1.490 kr~~

33%

Nóvemberkaktus
9 cm pottur. 11328200

Sjáðu
verðið!



AEG
79.990 kr
~~89.990 kr~~

Þvottavél AEG 8 kg, 1400 sn. L6FBI48S
Kolalaus mótur, Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa
þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma. Styttir
þannig bæði tíma, vatn og orku. 1860502



25%

11.995 kr
~~15.995 kr~~

Hleðsluborvél
18V, rafhlaða 1.5Ah, hersla
37Nm, Led ljós. 5245573



25%

Electrolux
69.990 kr
~~93.320 kr~~

Ofn EEA4235POX
Með ryðfríu útliti, katalískur sjálfhreinsibúnaður,
Velvet Closing, mjúk lokun á ofnhurð, orkuflokkur
A, tekur 72 ltr. 1841248

LADY
PREMIUM PAINT & COLORS

20%
afsláttur

HENRAD OFNAR
10
ÁRA
ÁBYRGÐ

Afkastamiklir
miðstöðvarofnar
sem nýta hitann vel

HENRAD



20%

afsláttur
af allri LADY
innimálningu





BAKÞANKAR

Kolbeins
Marteinssonar



Tvær lexíur

Fyrir nokkrum árum var ég staddur á flugvelli og beið eftir flugi heim. Þetta var fyrir tíma snjallsíma, þannig að til að stytta mér stundir keypti ég bók sem fangaði strax athygli mína. Bókina má alveg skilgreina sem sjálfshjálparbók en hún heitir Managing Your Live.

Við lestur hennar opnuðust augu mín fyrir nokkrum þáttum í fari mínu sem ég hafði aldrei áttað mig á. Þrátt fyrir að hafa lesið bækur reglulega frá því ég lærði að lesa þá á ég miklu auðveldara með að skilja flókna hluti og meðtaka þá með því að hlusta á frásögn og ræða um þá, frekar en að lesa um þá af blaði. Sumir læra með hlustun en aðrir með lestri, vafalítið hefur þetta eitthvað að gera með hvort heilahvelið er ríkjandi. Enda lærði ég fyrst í menntaskóla mikilvægi þess að læra með vinum mínum fyrir próf með því ræða um hlutina og eftir það var lærdómurinn leikur einn. Í dag tek ég því alltaf frekar fundinn heldur en að lesa skýrsluna.

Önnur mikilvæg lexía úr áður-nefndri bók og sem allir ættu að tileinka sér er að hætta að reyna að bæta sig í hlutum sem þeir eru lélegir í. Staðreyndin er nefnilega sú að ef við erum léleg í einhverju eru sáralitlar líkur á að við skörum fram úr í slíkum hlutum þó að við eyðum endalausum tíma í að reyna að bæta okkur. Við verðum sjaldnast annað en skítsæmileg þar. Ef við erum hins vegar þokkalega góð í einhverju eru miklu meiri líkur á að við getum skarað fram úr, með ástundun og iðjusemi. Það hlýtur að vera markmið sem vert er að stefna að og skólakerfið ætti að kenna okkur. Ef við ætlum að verða góð í einhverju þá ættum við að rækta þá hæfileika okkar sem eru sterkastir og afgangurinn verður leikur einn.

Fyrir svanga
ferðalanga

Kvikk



SLOW COW
MIND COOLER
330 ML
299
KR/STK
906 KR/L



Kvikk



BYKO



Tilboð
**20%
AFSLÁTTUR**
Öll Kópál & Gjöco
innimálning

Birt með fyrirvara um prentvillur og/eda myndabrengl.



Tilboð
**20-
30%
AFSLÁTTUR**

Af öllum verkfæra-
boxum, tösukum og
skápum



Nýtt
blað

Framkvæmda-
tilboð Sjáðu öll tilboðin
á byko.is



Tilboð
**25%
AFSLÁTTUR**
Pilofnar

Tilboð
**20-
25%
AFSLÁTTUR**
Allar háþrýstidælur



Tilboð
**20%
AFSLÁTTUR**
Allar ljósaperur

Valin parket **30%** • Valdar flísar **25-30%** • Grohe sturtu-, bað - og handlaugartæki **20%** • Loftpressur **20%** • Járnhillur **20%** Handlaugar **20%** Valdir stálvasar **25%** • OS Iceland kuldagallar **20%** • Bosch og Einhell iðnaðartryksugur **20-30%** • Bosch og Einhell málningsprautur **20%** Geymslubox **20%** • Ruslafötur og flokkunartunnur **20%** • Utanhússklæðningar **30%** Ljósaperur **20%** • Ljósaskermar **20%** • Heimahleðslustöðvar **15%** Pilofnar **25%** og ýmsar valdar vörur á afslætti

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

DORMA ... við eigum afmæli og nú er veisla!

SCAPA

HOUSTON hornsófi



AFMÆLIS
20%
AFSLÁTTUR

Fallegur hornsófi í Houston línunni. Sófinn fæst hægri eða vinstri (horn ófæranlegt) í tveimur litum. Armar eru meðalgrannir og sófinn frekar í nettara lagi. Houston passar í flest rými bæði hvað varðar stærð og stíl – sem er látlau og glæsilegur. Seta og bak sófanna eru lausar pullur sem sitja þó vel og renna ekki. Innra byrði er úr endingargóðum, kaldpressuðum svampi, þá trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur sófanna eru frekar grannir en sterkir úr svörtum viði. Houston hornsófi er nettur

en samt er svo þægilegur. *Bonded leður (leðurblanda) er blanda af ekta leðri og gervileðri. Framleiðsluferlinu svipar til pappírframleiðslu þar leðurleifar og leðurtrefjar eru tættar og þeim blandað saman við önnur textílefni til að líkja eftir eiginleikum leðurs. Gott bonded leður er með háu hlutfalli leðurs. Um þriðjungur áklæðisins í Houston er ekta leður sem er mun hærra hlutfall en algengt er. Stærð: 270 x 210 x 85 cm

Fullt verð: 229.900 kr.

Aðeins **183.920 kr.**



AFMÆLIS
30%
AFSLÁTTUR

DALBY hægindastóll með skemli

Nettur og fallegur hægindastóll úr svörtu PU-leðri ásamt skammeli, á frábæru verði. Fáanlegur bæði með krómuðum fæti eða svörtum. Stærð: 125 x 72 H: 108 cm.

Fullt verð: 59.900 kr.

Aðeins **41.930 kr.**



AFMÆLIS
15%
AFSLÁTTUR

LICATA hornsófi

Hornsófi River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins **212.415 kr.**



MISTRAL HOME sængurföt
Fullt verð: 8.990 - Tilboð aðeins 6.740 kr.

AFMÆLIS
25%
AFSLÁTTUR

MISTRAL HOME SÆNGURFÖT

Sængurfötin frá Mistral home eru úr bómullarsatíni, með vönduðum rennilás. Þau eru ofin úr 300 gsm bómullarþræði sem tryggir frábæra endingu, viðkomu og mykt.



Þú finnur afmælis-
bæklinginn á dorma.is

Allar MÚMÍN gjafavörur með
15% afmælisafslætti



Við eigum afmæli og nú er veisla

Við sendum þér vörur fritt hvort sem þú kaupir í DORMA-vershun eða á dorma.is

www.dorma.is
SENDUM FRITT

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKLINGINN OKKAR
RÖK 2-05 | Mjólfrak og dóm 16-21 | Borð og kommódur 22-23 | Sólur 24-26 | Sögu 26-35 | Kort 36-37

DORMA

Láttu drauminn rætast

Við eigum afmæli og nú er veisla

Við sendum þér vörurnar frítt hvort sem þú kaupir í DORMA-verslun eða á dorma.is



Láttu drauminn rætast

**SENDUM
FRÍTT**

Nature's **REST LUXURY** heilsurúm með Classic botni



Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.



Nature's Bedding

Stærð í cm	Fullt verð m/Classic botni og löppum	Afmælisverð með botni og löppum
Rest Luxury 80x200	65.900 kr.	52.720 kr.
Rest Luxury 90x200	69.900 kr.	55.920 kr.
Rest Luxury 90x210	72.900 kr.	58.320 kr.
Rest Luxury 100x200	73.900 kr.	59.120 kr.
Rest Luxury 120x200	79.900 kr.	63.920 kr.
Rest Luxury 140x200	89.900 kr.	71.920 kr.
Rest Luxury 160x200	99.900 kr.	79.920 kr.
Rest Luxury 180x200	109.900 kr.	87.920 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi (20 cm háir)
- 5 misjöfn lög af svampi
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²
- Góðar kantstyrkingar

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Verð og vöruupplýsingar í bæklingnum eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda til 31. október 2020 eða á meðan birgðir endast.

DORMA

Láttu drauminn rætast